# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. JANÚAR 2017




**Húsfyllir var í Hallgrímskirkju í gærkvöld þegar bænastund var haldin fyrir Birnu Brjánsdóttur, sem saknað hefur verið síðan á laugardagsmorgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grunsamlegar ferðir rauða bílsins rannsakaðar nánar

**Grænlenskum togara, sem lagði úr Hafnarfjarðarhöfn á laugardagskvöld, hefur verið snúið aftur til Íslands vegna rannsóknarinnar á hvarfi Birnu Brjánsdóttur. Ferðir skipverja á rauðum Kia Rio þykja grunsamlegar.**

**LÖGREGLUMÁL** Forsvarsmenn Polar Seafood, fyrirtækisins sem á grænlenska togarann Polar Nanoq, tóku í gærkvöldi ákvörðun um að snúa skipinu við og sigla aftur til Íslands. Ástæðan er fjölmiðlaumfjöllun um togarann en fjölmiðlar á Íslandi greindu í gær frá því að skipverji væri grunaður um að hafa haft á leigu rauðan Kia Rio sem lögreglan hefur leitað logandi ljósi frá því á mánudag, vegna hvarfsins á Birnu Brjánsdóttur. Ekkert hefur spurst til Birnu síðan snemma á laugardagsmorgun.

Jörgen Fossheim, forsvarsmaður Polar Seafood, segir það hafa verið einróma ákvörðun skipverja að snúa skipinu við til að hreinsa borðið, að hans sögn. Skipverjar séu hissa og ringlaðir vegna frétta frá Íslandi og ekki hafi verið haft samband við þá frá danska herskipinu Triton, sem fjölmiðlar hafa greint frá að sigli til móts við skipið. Mönnum á skipinu þyki undarlegt að þeim hafi ekki verið greint frá umfangsmiklum lögregluaðgerðum sem beinast að skipinu. Búist er við því að Polar Nanoq komi til Íslands um kvöldmatarleytið í kvöld.

Staðfest hefur verið að íslensk lögregluyfirvöld hafi óskað aðstoðar danska herskipsins til að ná til Polar Nanoq en Mads Lynte, yfirmaður í grænlensku lögreglunni, sagði í gærkvöldi að íslensk lögregluyfirvöld hefðu enn ekki upplýst hann um rannsóknina á hvarfi Birnu.

Starfsmaður Hafnarfjarðarhafnar skoðaði eftirlitsmyndavélakerfi hafnarinnar í gærmorgun og varð þá rauða bílsins var. Á myndböndum sást bíllinn koma að togaranum Polar Nanoq á milli sex og hálf sjö að morgni laugardags, um hálftíma eftir að slökkt var á síma Birnu Brjánsdóttur á Hafnarfjarðarsvæðinu. Heimildir Fréttablaðsins fullyrða að Birna sjáist ekki stíga um borð þegar bílinn ber að garði um morguninn. Skömmu síðar sé bílnum ekið aftur í burtu frá skipinu og sé á nokkru rápi fram og til baka fram yfir hádegi og þykja ferðir hans grunsamlegar. Seinni part dags fer bíllinn aftur frá höfninni og kemur ekki aftur en skipið heldur út skömmu síðar. Bíllinn er bílaleigubíll og var í útleigu óviðkomandi aðila þegar lögregla tók hann til rannsóknar upp úr hádegi í gær.

Hafnarfjarðarhöfn hefur afhent lögreglu upptökur eftirlitsmyndavéla, úr tíu til tuttugu myndavélum sem eru á svæðinu. Myndavélar hafnarinnar beinast þó ekki að svæðinu þar sem Dr. Martens-skór Birnu fundust í um 300 metra fjarlægð frá þeim stað þar sem togarinn lá við bryggju. – snæ / sjá síðu 8

**Hafnarfjarðarhöfn**




## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Ingi Guðbrandsson skrifar um ferðamenn og umhverfisáhrif. 11

**SPORT** Frábær lokakafli bjargaði skylduverkinu þegar strákarnir okkar unnu sinn fyrsta leik á HM í handbolta í gær. 16

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


ALLT FYRIR ÞORRABLÓTIÐ

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Í dag er spáð suðvestan 10 til 20 metrum á sekúndu með éljum, hvassast og úrkomumest um landið norðvestanvert. Hins vegar léttir til austanlands.
SJÁ SÍÐU 29

# Hlúð að fílskálfi



Dýralæknar huga hér að vannærðum og særðum fílskálfi í þar til gerðri hjálparstöð í Aceh-héraði í Indónesíu. Veiðimenn höfðu skotið og sært fílinn en hann fannst í útjaðri skógar í austurhluta Aceh. Fílum í skóginum stendur talsverð ógn af ágangi mannsins en tré eru höggvin niður í stórum stíl til að skapa rými fyrir plantekrur og ræktarland. Þá er vert að minnast á veiðiþjófa sem ásælast skógultennur fílanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ný ferja fer til Vestmannaeyja

**SAMGÖNGUR** Í gær var skrifað undir samning um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju í húsnæði Vegagerðarinnar. Samið var við pólsku skipasmíðastöðina Crist um smíði ferjunnar.

Það voru fulltrúar skipasmíðastöðvarinnar, Vegagerðarinnar, Vestmannaeyjabæjar, Ríkiskaupa og innanríkisráðuneytisins sem skrifuðu undir samninginn.

Tilboði Crist var tekið að loknu útboði sem Ríkiskaup önnuðust. Tilboð Crist reyndist hagstæðast eftir að norsk skipasmíðastöð féll frá tilboði sínu. Hin nýja ferja verður svokölluð tvinnferja og mun rista mun grynnra en Herjólfur. Af þeim sökum mun hún geta siglt mun oftar í Landeyjahöfn.

Smíði nýju ferjunnar mun hefjast nú þegar en gert er ráð fyrir að smíðinni ljúki þann 20. júní árið 2018. – jóe



Óttarr Proppé er núna í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Óttarr fundar um nýtingu fjár

**STJÓRNMÁL** Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra tekur þátt í fundi heilbrigðisráðherra OECD-ríkja sem stendur yfir í París. Á fundinum er fjallað um hvernig bæta megi nýtingu fjár til heilbrigðismála og sporna við sóun. Gerði Óttarr það að umtalsefni í innleggi sínu á fundinum í gær.

Fundinn sitja heilbrigðisráðherrar hátt í fjörutíu landa. Auk þess að fjalla um bætta nýtingu fjár beina ráðherrarnir sjónum að því hvernig best megi nýta nýjustu heilbrigðistækni á sjálfbæran hátt. – jhh

## Tugir fórust í voðaskoti herþotu

**NÍGERÍA** Talið er að minnst fimmtíu manns hafi látið lífið þegar nígerísk herþota skaut flugskeyti á flóttamannabúðir í Borno-héraði. Flestir hinna látnu voru flóttamenn en talið er að í hópi látinna hafi verið starfsmenn Rauða krossins.

Um mannleg mistök var að ræða. Þyrlan var að taka þátt í aðgerð sem beindist gegn vígamönnum Boko Haram þegar flugmaður þotunnar hleypti skotinu af með fyrrgreindum afleiðingum.

Nígerísk yfirvöld hafa ekki gefið út neina tölu yfir fjölda fallinna og er því stuðst við upplýsingar frá hjálparsamtökum. Samkvæmt tölum frá þeim eru meira en 120 manns særðir eftir voðaskotið.

Í tísti frá Rauða krossi Nígeríu kom fram að sex starfsmenn samtakanna hefðu látist og þrettán særst. – jóe




# Bensínstöðvar engin menningarverðmæti

**Stefnt er að opnun Costco í maí og ætlar verslunin að selja bensín á lægra verði. Eftir skattahækkun um áramót kostar bensínlítrinn um 200 krónur. Krónan skoðar einnig möguleika á að opna í Kópavogi og úti á Granda.**

**SAMFÉLAG** „Það verður erfitt fyrir íslensk olíufélög að etja kappi við verslunarkeðju sem veltir meira en íslenska ríkið. Íslensk olíufélög hafa verið svolítið heilög í gegnum tíðina. Það er enginn sem segir að það þurfi að vernda bensínstöðvar frekar en vídeóleigur. Þetta eru ekki menningarverðmæti sem við getum ekki verið án,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Hann segir að þegar nýr aðili komi inn á bensínmarkaðinn, líkt og breski verslunarrisinn Costco stefni að, lækki verðið á hverjum lítra en bensínlítrinn kostar nú um 200 krónur. Verðið hækkaði um rúmar fimm krónur um áramótin en um 60 prósent af hverjum lítra renna beint til ríkisins eftir skattahækkanir. Einnig settu OPEC-ríkin framleiðslukvóta á í nóvember sem hækkaði heimsmarkaðsverð. Meðalverð í desember var fimm krónum lægra.

„Hér er fákeppnismarkaður en þrátt fyrir það eru ótrúlega margar bensínstöðvar, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Ég lék mér að því um daginn að telja bensínstöðvar í um fimm kílómetra radíus frá Landspítalanum og taldi 19. Erlendis er þróunin þannig að útsölustöðum hefur fækkað en fjölgað við stórmarkaði. Bensínstöðvar í dag eru ekki eins og í gamla daga, það er varla hægt að fá bílavörur lengur en nóg af skyndibita.“

Krónan hefur einnig óskað eftir lóðum undir bensínstöðvar, bæði við stórverslanir sínar í Kópavogi og úti á Granda. Ekki náðist í forsvarsmenn Festar, móðurfélags Krónunnar í gær, en í frétt Morgunblaðsins um hugmyndir þeirra kom fram að þeir ætluðu að selja bensín á mun lægra verði en gengur og gerist. „Reykjavíkurborg synjaði þeim um lóð úti á Granda á menginarforsendum en ég spyr hvort það sé hlutverk skipulagsyfirvalda að segja að það komist ekki fleiri á þennan markað og vinna þannig gegn neytendum,“ segir Runólfur.

benediktboas@365.is




Bensíndæla sem sýnir verð á lítra komið yfir 200 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Verð á bensínlítra




| | |
|---|---|
| Bensín | 201 |
| Ódýrasti bjórinn í ÁTVR | 481 |
| Vatn í Select | 698 |
| MS nýmjólk | 159 |
| Trópí | 259 |

**BENSÍNLÍTER**
**Uppbygging hvers lítra**
**57-58%** renna til ríkisins

**GAMMA TOTAL RETURN FUND:**

# Eignadreifing sem skilar árangri

Árið 2016 skilaði *Total Return Fund* **14,73% ávöxtun.** Það er **besta ávöxtun** í samanburði við aðra sambærilega sjóði á íslenskum fjármálamarkaði, samkvæmt vefsvæðinu keldan.is en ávöxtun annarra blandaðra sjóða var -1% til 6%.

**TRF: SÖGULEG ÁVÖXTUN**




**TRF: EIGNADREIFING**




*Total Return Fund* er fjárfestingarsjóður hjá GAMMA, opinn fyrir alla fjárfesta og hugsaður til millilangs eða langs tíma.

**SJÓÐSSTJÓRI *TOTAL RETURN FUND***



Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, er framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA og hefur verið hjá GAMMA frá 2009. Valdimar hefur 17 ára starfsreynslu á fjármálamörkuðum og starfaði áður hjá ABN AMRO í London og New York og hjá RBS í New York.

Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON

**NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS**

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er deild í fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum.

# Bjartsýni á uppbyggingu Náttúruminjasafns á næstu árum

**MENNING** „Ekki verður annað sagt en að rofað hafi til í málefnum safnsins nú á allra síðustu vikum og að nokkuð bjart sé fram undan, a.m.k. í ljósi hartnær 130 ára sögu safnsins og forvera þess,“ segir Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Hann vísar annars vegar til þingsályktunar vegna 100 ára fullveldisafmælis íslenska ríkisins árið 2018, sem Alþingi samþykkti skömmu fyrir þingkosningarnar í október, og hins vegar fjárlaga 2017.

Í þingsályktuninni, sem samþykkt var í október, er að finna málsgrein um Náttúruminjasafnið þar sem segir að Alþingi skuli „fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns“.

Þetta er í fyrsta skipti síðan safnið var sett á laggirnar sem fyrir liggur staðfestur, þverpólitískur vilji Alþingis til að gera vel við höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum, segir



**Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hilmar en að ályktuninni stóðu forsvarsmenn allra fimm flokkanna sem sæti áttu á síðasta Alþingi og var ályktunin samþykkt með 56 atkvæðum mótatkvæðalaust en sjö þingmenn voru fjarverandi.

Afar ánægjuleg niðurstaða og þótt fyrr hefði verið! Gangi allt eðlilega eftir á Alþingi næsta vor verður Náttúruminjasafni Íslands loksins gert kleift að byggja starfsemi sína upp til frambúðar og rækja mikilvægt fræðslu- og menntunarhlutverk sitt með sóma og virðingu í samræmi við lög. Oft var þörf en nú er nauðsyn,“ segir Hilmar jafnframt.

Samkvæmt nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi hækkar fjárheimild safnsins árið 2017 um nær 50% miðað við fyrri ár, fer úr um 25 milljónum króna á ári, eins og verið hefur að jafnaði síðastliðin tíu ár, og verður tæpar 39 milljónir. Þetta er mun lægri upphæð en rennur til hinna höfuðsafnanna tveggja, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, sem fá á næsta ári tugfalt meira fé en Náttúruminjasafnið. **– shá**





**Hart var barist í Brexit-kosningabaráttunni.** NORDICPHOTOS/AFP

## Snjallforritt hækka í verði

**VIÐSKIPTI** Verð snjallforrita í App Store, forritaverslun Apple, mun hækka um fjórðung í kjölfar Brexit. Þetta segir í bréfi sem forritarar fengu sent í gær. Munu því ódýrustu forritin ekki lengur kosta 0,79 pund heldur 0,99 pund. Dýrari forrit, líkt og leikurinn Super Mario Run, munu kosta 9,99 pund í stað 7,99 punda.

Verð snjallforrita á Indlandi og í Tyrklandi mun einnig að hækka.

Verðhækkunina má rekja til gengisfalls pundsins í kjölfar þess að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Pundið hefur ekki staðið verr gagnvart Bandaríkjadal í 31 ár. **– þea**

## Google veitir upplýsingar um bílastæði

**TÆKNI** Hægt er að nálgast upplýsingar um hversu auðvelt er að leggja nærri áfangastað sem stimplaður er inn í nýrri betaútgáfu snjallforritsins Google Maps. Frá þessu greinir tæknisíðan Android Police.

Þó sjá ekki allir notendur nýju útgáfunnar upplýsingarnar. Eru þær því mögulega einungis aðgengilegar á ákveðnum svæðum heimsins. Google hefur ekki tjáð sig um þessa nýju virkni forritsins og er ekki ljóst hvort stefnt sé að því að innleiða hana að fullu. **– þea**

# Hugmyndir um breytingar á Seðlabanka Íslands enn á ís

**Bjarni Benediktsson forsætisráðherra mun skipa næsta seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Tvö ár eru liðin frá því að hugmyndir að nýrri stjórnskipan bankans voru kynntar – ekkert hefur gerst enn.**

**STJÓRNSÝSLA** Starfi ný ríkisstjórn út heilt fjögurra ára kjörtímabil mun það koma í hlut Bjarna Benediktssonar að skipa bæði bankastjóra Seðlabanka Íslands og aðstoðarseðlabankastjóra. Samkvæmt forsetaúrskurði um verkaskiptingu milli ráðuneyta frá 11. janúar síðastliðnum voru málefni Seðlabanka Íslands flutt úr fjármála- og efnahagsráðuneyti yfir í forsætisráðuneytið með Bjarna Benediktssyni.

Á næsta ári, 2018, rennur út skipunartími Arnórs Sighvatssonar sem aðstoðarseðlabankastjóra. Þá mun Arnór hafa gegnt starfinu í níu ár. Ári seinna, árið 2019, rennur út skipunartími Más Guðmundssonar og hefur hann þá starfað í tíu ár. Í 23. grein laga um Seðlabankann er kveðið á um þau skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til að hljóta skipun í stöðu seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra. Þar kemur líka fram að hægt er að skipa sama mann seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Því blasir við að ráðherra þarf að skipa nýja menn í báðar stöðurnar, að undangenginni umsögn nefndar sem metur hæfi umsækjendanna.

Sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði Bjarni Benediktsson þriggja manna starfshóp sem ætlað var að gera tillögur að breytingum á stjórnskipulagi Seðlabankans. Nefndin, sem skipuð var þeim Friðriki Má Baldurssyni hagfræðingi og Þráni Eggertssyni hagfræðingi, lagði til að í Seðlabanka Íslands yrðu starfandi seðlabankastjóri og með honum starfi bankastjóri peningamála og bankastjóri fjármálastöðugleika. Skilaði nefndin tillögum sínum í mars árið 2015.



**Benedikt Jóhannesson tók við lyklavöldum í fjármálaráðuneytinu af Bjarna Benediktssyni í síðustu viku. Bjarni fer áfram með málefni Seðlabankans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það eru starfsmenn í forsætisráðuneytinu sem eru alveg í standi til að sinna þessum málum.**
>
> Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við HÍ



Fréttablaðið náði hvorki tali af Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra né Benedikt Jóhannessyni, fjármála- og efnahagsráðherra, í gær. Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, minnir á að málefni Seðlabankans hafi heyrt undir forsætisráðherra þangað til í ráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún segir sér ekki kunnugt um að stjórnskipulag bankans hafi verið rætt sérstaklega í viðræðum Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, segir ekki skipta höfuðmáli hvort forsætisráðuneytið eða fjármálaráðuneytið fer með málefni Seðlabankans. „Það eru starfsmenn í forsætisráðuneytinu sem eru alveg í standi til að sinna þessum málum. En ég sé ekki alveg fegurðina í þessu,“ segir Þórólfur.

Aðalmálið sé að það sé góð yfirsýn yfir mál og að upplýsingum sé haldið saman. „Það á nú að gerast í þessu þjóðhagsráði sem virðist þó ekki vera kallað neitt sérstaklega oft saman.“

**jonhakon@frettabladid.is**





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




Við kynnum nýjan **Mitsubishi ASX**. Þessi snaggaralegi fjórhjóladrifni sportjeppi skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og finnur hvernig þægindin gera aksturinn að hreinni upplifun. Taktu snúning á ASX og leyfðu skilningarvitunum að skemmta sér.

**Mitsubishi ASX 4x4**
Instyle ClearTec dísil, sjálfskiptur frá:

**4.890.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Flóttafólk við komuna til Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Tífalt fleiri fá peninga til að snúa aftur heim

**SVÍÞJÓÐ** Tífalt fleiri hælisleitendur í Svíþjóð fengu greitt til að snúa aftur til heimalands síns í fyrra en árið á undan. Þeir sem draga sjálfir hælisumsókn sína til baka, eða hefur verið synjað um hæli, eiga rétt á fjárstuðningi til að snúa aftur heim.

Árin 2013 og 2015 fengu 215 greiðslu hvort ár. Í fyrra var fjöldinn 2.521. Flestir voru frá Írak og Afganistan.

Peningarnir eru greiddir þegar viðkomandi er kominn til heimalands síns. Fullorðnir fá 30 þúsund sænskar krónur eða um 380 þúsund íslenskar krónur. Greiðsla vegna barns er helmingi lægri eða um 190 þúsund íslenskar krónur. Hámarksgreiðsla til fjölskyldu er 75 þúsund sænskar krónur eða um 950 þúsund íslenskar krónur.

Hælisleitendur eru sagðir vilja snúa heim þar sem þeim þyki afgreiðslutími umsókna of langur eða að lífið í Svíþjóð sé öðruvísi en þeir áttu von á. **– ibs**

## Syrgja fallinn ástvin



Fjölskylda meints filippseysks eiturlyfjasala grætur eftir að maðurinn var felldur af lögreglumönnum. Frá því að Rodrigo Duterte tók við sem forseti landsins og skar upp herör gegn fíkniefnum í landinu, hafa meira en 6.000 manns, grunaðir um tengsl við undirheima, verið skotnir án dóms og laga. Um milljón manns hefur gefið sig fram til að komast undan byssukúlum sjálfskipaðra böðla forsetans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Leið yfir ljósleiðaraleysinu

**SAMFÉLAG** Á fundi hverfisráðs Kjalarness í síðustu viku var bókað um stöðu ljósleiðara og nettengingar fyrir íbúa á Kjalarnesi. Finnst hverfisráðinu það mjög alvarlegt að fyrirspurn ráðsins hafi ekki verið svarað, tveim mánuðum eftir að hún var send.

Míla kynnti árið 2015 að fyrirtækið ætlaði að hefja ljósleiðaraþjónustu í eldri hverfum á höfuðborgarsvæðinu og átti það að ná frá Kjalarnesi til Hafnarfjarðar. **– bb**



**Ljósleiðari bætir hraðann á Internetinu til muna.** MYND/AÐSEND






# Kæra 32 milljóna mat vindmylla við Búrfell

Skeiða- og Gnúpverjahreppur krefst þess að fasteignamat á vindmyllum Landsvirkjunar verði hækkað. Sveitarfélaginu finnst 32 milljónir króna fyrir 150 metra mannvirki allt of lág upphæð. Miklar tekjur í húfi fyrir lítil sveitarfélög.

**ORKUMÁL** Forsvarsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru mjög ósáttir við hversu lágt fasteignamat hins opinbera er á vindmyllum Landsvirkjunar á Hafinu við Búrfell. Fasteignamat þeirra tilraunamyllna sem hafa framleitt rafmagn frá árinu 2014 er aðeins 32 milljónir. Hefur sveitarfélagið ákveðið að kæra fasteignamatið.

„Já, okkur þykir nú þetta fasteignamat heldur lágt. Það skiptir máli fyrir sveitarfélögin í landinu að hafa fasteignamatið á þessum vindmyllum sem réttast. Hér er um miklar tekjur að ræða fyrir sveitarfélögin,“ segir Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. „Þetta er í raun angi af stærra máli sem snýr að því hvað er raforkubúnaður og hvað er byggingin sjálf. Eins og í vatnsaflsvirkjunum er aðeins stöðvarhúsið sjálft metið en ekki aðrar byggingar til að mynda.“

Landsvirkjun áformar að byggja upp vindmyllugarð á Hafinu við Búrfell, svokallaðan Búrfellslund. Reiknað er með að hámarkshæð þegar spaðar eru í efstu stöðu sé um 150 metrar. Áætlar Landsvirkjun að byggja 125 myllur á svæðinu á næstu árum. Verða 58 þeirra með 3,5 MW aflgetu og 67 þeirra með 3 MW aflgetu. Munu framkvæmdir eiga sér stað í landi Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ljóst er að miklar tekjur geta skapast fyrir sveitarfélagið og vilja Hreppamenn því láta reyna á hvort fasteignamatið, um 32 milljónir króna, sé rétt. Fasteignamat fyrir árið 2017 skal endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar í febrúarmánuði árinu áður. Deilt er hins vegar um hvað sé mannvirki og hvað sé búnaður til raforkuframleiðslu.



**Landsvirkjun áætlar að byggja 125 vindmyllur við Búrfell.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það skiptir máli fyrir sveitarfélögin í landinu að hafa fasteignamatið á þessum vindmyllum sem réttast.



Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Verði hugmyndir Landsvirkjunar að veruleika gæti Búrfellslundur séð öllum íslenskum heimilum fyrir raforku. Nýtingarhlutfall vindmyllna á Íslandi er í kringum 40 prósent, samanborið við 28 prósent nýtingarhlutfall á heimsvísu. Því er talið ákjósanlegt að virkja vindorku á Íslandi.

Búrfellslundur er nú í biðflokki rammaáætlunar en Skipulagsstofnun metur umhverfisáhrif lundarins neikvæðar. „Niðurstöður um mikil umhverfisáhrif gefa, að mati stofnunarinnar, tilefni til að skoða hvort önnur landsvæði henta betur fyrir uppbyggingu af þessu tagi og umfangi,“ segir í áliti Skipulagsstofnunar. **sveinn@frettabladid.is**




# #FIMASTUR

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra akstursiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir einstaka akstursgleði í Focus og tekur lengri leiðina heim af einskærri ánægju.

Ford er frábær. Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

BEINSKIPTUR FRÁ

**2.990.000** KR.

**FORD ER FRÁBÆR!**
Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur – **komdu núna!**

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**

24

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



**Audi Q5 quattro**
3.0TDi
Ekinn 7.500
2015 8.690.000 KR
V6 dísil vél sem skilar 258 hestöflum. 18" álfelgur, dráttarkúla, panorama sólþak, rafdrifin opnun/lokun á afturhlera, nálgunarvarar í stuðurum, Milano leður, rafdrifin framsæti, inniljósapakki, samlitur, dökkar rúður, o.fl

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

**Margar stærðir, fleiri litir.**
Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is


**VW Golf Trendline**
1.4TSI
2015 2.640.000 KR
42


**Skoda Octavia Scout**
2.0TDI 184 hestöfl
2015 5.190.000 KR
27 4x4


**Mitsubishi Pajero**
Instyle 3.2 DID
2014 6.950.000 KR
41 4x4


**Mitsubishi Outlander**
Intense 2.2 DID
2015 4.990.000 KR
49


**Skoda Fabia**
Abition 1.2TSI
2015 ~~2.690.000~~ KR
TILBOÐ 2.190.000 KR
13


**VW UP TakeUP**
1.0 MPI
2016 ~~1.790.000~~ KR
TILBOÐ 1.620.000 KR
0,5

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040
Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS


## Leitarsvæði björgunarsveita við Hafnarfjarðarhöfn




# Ekki leitað í dag nema vísbendingar berist

**Enginn er grunaður eða hefur verið yfirheyrður í tengslum við hvarf Birnu Brjánsdóttur. Formlegri leit lauk í gærkvöldi og verður ekki fram haldið í dag. Framvinda var á rannsókn málsins eftir að skór hennar fundust í fyrrakvöld.**

**LÖGREGLUMÁL** Enginn hefur stöðu grunaðs manns í rannsókn lögreglu á hvarfi Birnu Brjánsdóttur og enginn hefur verið yfirheyrður. Þetta segir Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Síðast sást til Birnu fyrir fjórum sólarhringum á upptöku úr eftirlitsmyndavélum miðborgarinnar þegar hún var á gangi heim af skemmtistaðnum Húrra. Svartir Dr. Marten's skór sem hún var í um kvöldið fundust við Hafnarfjarðarhöfn í fyrrakvöld. Nokkur og hröð framvinda hefur orðið á málinu síðan skórnir komu í leitirnar.

„Við höfum verið að raða saman þessum upplýsingum og það má segja að það hafi orðið framvinda í málinu en rannsóknin er á viðkvæmu stigi og ég get ekki tjáð mig um hvar hún er stödd," segir Grímur.

Um hádegisbil í gær fannst rauður Kia Rio í Hlíðasmára í Kópavogi en starfsmaður fyrirtækis í götunni var með bílinn á leigu. Bíllinn var um helgina í útleigu hjá skipverja á grænlenska togaranum Polar Nanoq og sást hann á öryggismyndavélum við Hafnarfjarðarhöfn.

„Ég get ekki staðfest að við séum að reyna að ná tali af grænlenskum sjómönnum eða yfirleitt af neinum," segir Grímur. **johannoli@frettabladid.is**

## Helstu atburðir málsins síðustu 36 klukkustundir

**Skömmu fyrir miðnætti** Svartur Dr. Martens-skór fannst við Hafnarfjarðarhöfn á tólfta tímanum í gærkvöldi áþekkur þeim skóm sem Birna Brjánsdóttir var í þegar hún sást síðast. Sjálfboðaliði við leit fann skóinn.

**01.30** Lögregla lokaði hafnarsvæðinu við Hafnarfjarðarhöfn. Viðbragðsaðilar mættu á svæðið til að finkemba það. Kafarar leituðu í höfninni. Leit var hætt þegar klukkan var að ganga sjö.

**03.00** Hinn skórinn fannst við leit í kring um höfnina. Grunur lék á að skórnir væru af Birnu.

**10.30** Leit hófst að nýju. Um allsherjarútkall lögreglu, björgunarsveitarmanna og Landhelgisgæslunnar var að ræða. Yfir hundrað manns tóku þátt í leitinni.

**12.25** Úrskurður héraðsdómara um leyfi til að bera saman upplýsingar um farsíma, sem ferðast með sama hætti á farsímasendum og sími Birnu, lá fyrir.

Í hádeginu sótti tæknideild lögreglu rauða Kia Rio-bifreið á bílaplan fyrirtækis í Hlíðasmára í Kópavogi. Starfsmaður fyrirtækisins hafði tekið bílinn á leigu í fyrradag.

**13.30** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út til að leita yfir Hafnarfjarðarhöfn.

**15.50** Staðfest að skóparið sem fannst við Hafnarfjarðarhöfn tilheyrði Birnu Brjánsdóttur.

**16.00** Sagt frá því að rauður Kia Rio hafi verið festur á filmu öryggismyndavélar við áhaldageymslu Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar. Merkja má af aksturslagi bílsins að ökumanninum bregður við þegar kviknar á myndavélinni.



**16.15** Viðbragðsteymi Rauða krossins virkjað. Meðlimir þess veittu vinum, ættingjum og aðstandendum Birnu sálrænan stuðning vegna málsins.

**18.10** Fjölmiðlar segja frá því að lögreglan hafi til skoðunar skipverja á grænlenska togaranum Polar Nanoq. Skipið lá við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn aðfaranótt laugardags.

**19.30** Leit björgunarsveitarmanna að Birnu var stöðvuð eftir samráð við lögreglu. Þær vísbendingar sem komu í ljós þóttu ekki réttlæta frekari leit. Formleg leit mun að óbreyttu ekki fara fram á morgun.

**21.05** Staðfesting fékkst á því að óskað hefði verið eftir því að danska herskipið HDMS Triton væri fengið til aðstoðar.






GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

**Með sérstaka áherslu á stafræna markaðssetningu.**
Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst **14. febrúar** • **Kvöldhópur** • **27 skipti**

### UPPLIFUN NEMENDA

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
**Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.**

| STÖK NÁMSKEIÐ | SKIPTI | HEFST |
|---|---|---|
| WordPress – Vefurinn minn | 6 | 28. feb. |
| Photoshop 2 | 7 | 26. jan. |
| Photoshop fyrir byrjendur | 4 | 6. feb. |
| Dreamweaver HTML og CSS | 10 | 20. feb. |
| Illustrator | 7 | 14. feb. |
| InDesign | 6 | 9. mar. |
| Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro | 6 | 6. mar. |
| Gerð stafrænna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef | 6 | 13. feb. |
| Facebook sem markaðstæki | 2 | 4. apr. |
| Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords | 1 | 9. maí |
| Vefgreining með Google Analytics | 1 | 30. mars |
| Tölvupóstmarkaðssetning | 1 | 4. maí |

## GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **26. janúar** • **Kvöldhópur** • **20 skipti**

Ps Ai Id

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **6. febrúar** • **Kvöldhópur** • **22 skipti**

### UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
**Íris Magnúsdóttir, Grafísk hönnun.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 162821
Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

# Von og trú



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þjóðin heldur niðri í sér andanum vegna hvarfs Birnu Brjánsdóttur sem hefur verið saknað frá því snemma á laugardagsmorgun. Hugur þjóðarinnar er hjá Birnu og ástvinum hennar. Þegar þessi orð eru skrifuð er enn óvíst um afdrif þessarar ungu og hraustu stúlku í blóma lífsins. „Nú biðji sem biðja, nú óski sem óska, nú voni sem vona, / nú hugsi allir þá hlýju hugsun, þá einu ósk, þá bæn og von sem býr með smárri þjóð.“ Þessar línur sem hér eru birtar í breyttri uppsetningu orti Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur og djákni á Eyrarbakka, og deildi á Facebook-síðu sinni í gær og undir þetta getum við öll tekið. Við vonum, biðjum, óskum.

En við, þessi smáa þjóð, þurfum líka að finna með okkur hugrekki til þess að horfast í augu við samfélagslegar staðreyndir. Horfast í augu við það að við óttumst að Birna Brjánsdóttir hafi mögulega verið fórnarlamb ofbeldis af hálfu karlmanna. Horfast í augu í við það að það er hættulegt að vera kona í heiminum og líka á Íslandi. Það er hættulegt fyrir konur að vera einar á ferð að næturlagi í miðborg Reykjavíkur. Það getur verið hættulegt fyrir konur að fara í samkvæmi, á útihátíðir og skemmtistaði. Hættulegt að kynnast manni á netinu eða að fara á stefnumót. Hættulegt að klæða sig eins og kona vill klæða sig. Það er hættulegt að vera kona vegna þess að ofbeldið er alls staðar og valdbeiting karlmanna inngróin í samfélagsgerðina í gegnum aldirnar. Hér sem annars staðar. Í dag sem fyrr.

Auðvitað eru ekki allir karlmenn ofbeldismenn, langt því frá. En það breytir ekki þeirri staðreynd að líkurnar á því að kona verði fyrir ofbeldi karls er langlíklegasta tegund mögulegs ofbeldis sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir. Það er óásættanlegt með öllu. Og þó svo að við sem lítil þjóð getum kannski ekki breytt heiminum, þá getum við breytt samfélagi okkar til hins betra og verið öðrum þjóðum fyrirmynd.

> **Við þurfum heyja þessa baráttu með öllum tiltækum ráðum á öllum vígstöðum og til þess þarf hvert og eitt okkar að taka ábyrgð á sinni orðræðu og hegðun í dagsins önn án undantekninga.**

Ábyrgðin af því að framkvæma þessar breytingar liggur fyrst og fremst hjá okkur karlmönnum. Okkur sem erum afkomendur þessa hugmyndaheims, þessa karllæga valds hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Konur hafa lengi talað um vandann og sumir karlar veitt þeim liðsinni en til þess að sigrast á þeim fjanda sem ofbeldið er þá þurfa allir að leggjast á eitt. Við þurfum að margfalda fræðslu og forvarnir til allra aldurshópa og virkja til þess allar mögulegar leiðir. Við þurfum að heyja þessa baráttu með öllum tiltækum ráðum á öllum vígstöðvum og til þess þarf hvert og eitt okkar að taka ábyrgð á sinni orðræðu og hegðun í dagsins önn án undantekninga.

Það er löngu tímabært að við sem þjóð útrýmum kynbundnu ofbeldi á Íslandi og sendum veröldinni skýr skilaboð um að slíkt sé ekki látið þrífast hér. Að hér búi kærleikur og mannvirðing og að ofbeldi sé ekki, aldrei nokkurn tíma, liðið. Það er hægt ef vilji og úthald er fyrir hendi. Til þess að þetta sé gerlegt þurfum við að halda í þessa hlýju hugsun, þá einu ósk, þá bæn og von sem býr með smárri þjóð.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Byrjar með látum**

**Sigríður Andersen, nýr dómsmálaráðherra, segir ríkisstjórnina ekki ætla að láta það átölulaust ef Albanar og Makedóníumenn „misnota þá velvild sem við viljum sýna“ með miklum fjölda hælisumsókna hér á landi. Þetta sagði hún í samtali við RÚV í gær. Þó orðalagið sé óvenju harkalegt miðað við það sem tíðkast frá ráðherrum þá er línan sú sama og hefur verið tekin áður í ráðuneytinu en í desember sagði Ólöf Nordal, forveri hennar, að hér á landi séu ekki aðstæður fyrir hælisumsóknir frá þessum löndum. Sigríður virðist ætla að blása til stórsóknar gegn því sem hún kallar tilhæfulausar umsóknir. Það verður forvitnilegt að fylgjast með hverjar undirtektirnar verða.**

**Fótboltadraumarnir**

**Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, hefur vakið athygli fyrir vangaveltur um hvort strákar dragist aftur úr í námi vegna drauma um að verða atvinnumenn í knattspyrnu. Ummælin hafa vakið hörð viðbrögð enda sýna rannsóknir ekki að strákar séu metnaðarlausari varðandi menntun en stúlkur, miklu frekar að skólakerfið henti þeim ekki. Þá hefur því verið velt upp hvort launamunur kynjanna skrifist á það að karlar fara fyrr út á vinnumarkaðinn á meðan konur dvelja í námi. Verðugt rannsóknarefni fyrir Jafnréttisstofu.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Jafnrétti í raun



Ásgerður Halldórsdóttir
bæjarstjóri Seltjarnarness

Seltjarnarnesbær hlaut Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC í desember sl. Ég vil fagna að Þorsteinn Víglundsson, nýr ráðherra félags- og jafnréttismála, ætli að láta það vera sitt fyrsta verk að leggja fram frumvarp um að fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri láti framkvæma jafnlaunavottun. Þetta hefði átt að vera komið á fyrir löngu. Með jafnlaunaúttekt geta bæjarfulltrúar sveitarfélaga séð hvernig launasetning sveitarfélagsins er meðal starfsmanna bæjarins og þannig komið í veg fyrir kynbundinn launamun.

PwC framkvæmdi jafnlaunaúttekt á launagögnum hjá Seltjarnarnesbæ fyrir launatímabilið febrúar 2016. Í tilkynningu frá PwC er þessi mæling sögð sú fyrsta sem þeir hafa framkvæmt meðal fyrirtækja og stofnana, þar sem laun kvenna mælast hærri en laun karla bæði í grunnlaunum og heildarlaunum.

Niðurstaðan var eftirfarandi: Grunnvinnulaun kvenna voru 2,7% hærri en grunnlaun karla. Heildarlaun kvenna voru 0,9% hærri en heildarlaun karla.

PwC veitir fyrirtækjum og stofnunum Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC ef bæði launamunur grunnlauna og heildarlauna er undir 3,5% sem viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Fulltrúar PwC segja að afar vel hafi tekist til við að ná utan um og útskýra launadreifingu í greiningunni á grundvelli þeirra fjölmörgu ólíku breyta sem notaðar voru. Skýringargildi launadreifingar er sérlega hátt, eða 91% og því aðeins 9% launadreifingar sem eru óútskýrð. Óvissa í túlkun niðurstaðna er því hverfandi.

> **Seltjarnarnes er með lægsta launamun sem mælst hefur á heildarlaunum meðal opinberra stofnana og bæjarfélaga.**

Það er afar jákvætt fyrir bæjarfélagið að hljóta gullmerkið, það sýnir staðfestu bæjarstjórnar að stuðla að jafnrétti og gerir bæinn að eftirsóknarverðari vinnustað. Launamunur hjá Seltjarnarnesbæ er mjög lágur og engar vísbendingar að um kerfisbundinn launamun sé að ræða. Seltjarnarnes er með lægsta launamun sem mælst hefur á heildarlaunum meðal opinberra stofnana og bæjarfélaga. Ég hvet félaga mína í sveitarstjórnum til að láta framkvæma jafnlaunaúttekt sem allra fyrst, þetta er tæki til að jafna kynbundinn launamun sé hann til staðar. Sveitarstjórnarfólk á að vera stolt yfir því að geta upplýst kjósendur sína og starfsmenn bæjarfélagsins um að ekki sé til staðar kynbundinn launamunur í þeirra sveitarfélagi.

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ferðamenn og umhverfisáhrif



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
framkvæmdastjóri Landverndar

Nýjar tölur Ferðamálastofu sýna að 1,8 milljónir erlendra ferðamanna sóttu Ísland heim á nýliðnu ári og eru þá ekki taldir með farþegar skemmtiferðaskipa. Þetta er 40% aukning frá fyrra ári.

Spár Íslandsbanka gera ráð fyrir 35% fjölgun á þessu ári eða tæplega 2,4 milljónum erlendra ferðamanna. Þessum mikla fjölda fylgja áskoranir fyrir alla sem að þessari atvinnugrein koma. Í þessum greinarstúfi bendi ég á fimm atriði sem ný ríkisstjórn og ferðaþjónustuaðilar verða að taka föstum tökum þegar kemur að náttúruvernd og ferðaþjónustu.

*1. Uppbygging innviða til verndar náttúru.* Mikið hefur verið fjallað um álag á helstu ferðamannastaði og nauðsyn þess að byggja innviði náttúrunni til verndar. Er þá m.a. vísað í palla, göngustíga og salerni. Þessari vinnu þarf víða að hraða til muna. En ekki má gleyma að efla fagþekkingu á þessu sviði, sem því miður hefur orðið útundan, svo tryggja megi að innviðir falli vel að landslagi og þeirri náttúru sem þeim er ætlað að vernda. Aukin landvarsla, öryggi ferðamanna og fræðsla falla auðvitað undir hér líka.

*2. Takmörkun á aðgangi?* Íhuga þarf að takmarka aðgang að sumum stöðum í stað þess að auka álagsþol þeirra með uppbyggingu innviða, einfaldlega vegna þess að annars gætu þeir misst aðdráttaraflið sem dregur fólk að þeim. Hið opinbera þarf í samvinnu við ferðaþjónustuna, náttúruverndar- og útivistarfólk að kortleggja þessa staði og leggja fram tillögur um aðgangsstýringu sem mismunar ekki fólki.

*3. Innviðir ferðaþjónustunnar sjálfrar.* Hið opinbera þarf að móta skýrari leikreglur um uppbyggingu gistiaðstöðu og annarrar þjónustu á náttúruverndarsvæðum og öðrum eftirsóttum stöðum í eigu ríkisins.

Lykilatriðið er að byggt sé utan svæðanna, ekki inni á þeim eða í allra næsta nágrenni þeirra. Á verndarsvæði Mývatns og Laxár eru nokkur dæmi um það að stór ný hótel hafi risið, eldri hótel verið stækkuð og önnur eru í byggingu eða áformuð allt of nálægt því lífríki sem verið er að vernda, Mývatni sjálfu. Mikið álag er nú þegar á vistkerfi vatnsins m.a. vegna mengunar frá mannabyggð og alröng þróun að auka það álag með þessum hætti.

Miðhálendið er annað dæmi um afar viðkvæmt svæði að þessu leyti. Þar sýna kannanir að innan við 10% ferðamanna telja hótel samrýmast hugmyndum um víðerni og óbyggðaupplifun, sem er einmitt það sem þeir sækjast helst eftir á svæðinu. Nú þegar er hafin endurgerð og nýbygging gistiaðstöðu í Ásgarði við Kerlingarfjöll fyrir allt að 340 manns, þar af 240 í einni hótelbyggingu. Áform eru uppi um byggingu 80-140 manna gistiaðstöðu á Hveravöllum og einnig eru hugmyndir um byggingu allt að 120 manna gistiaðstöðu á Landmannalaugasvæðinu. Til samanburðar tekur Hótel Saga í Reykjavík að hámarki 470 manns í gistingu.

Er rétt að auka framboð á gistingu inni á hálendinu eða ætti frekar að byggja hana á láglendi nálægt jaðri hálendisins? Þessi þróun er hið minnsta umhugsunarverð og lykilatriði að hálendið verði ekki láglendisvætt.

*4. Kolefnishlutlaus ferðaþjónusta.* Aukning í útlosun gróðurhúsalofttegunda sem valda loftslagsbreytingum er sérstakt viðfangsefni ferðaþjónustuaðila, ekki síst í flugi, hópferðum og hjá bílaleigum. Ein meginregla alþjóðlegs umhverfisréttar, svokölluð mengunarbótaregla (e. polluter pays principle), krefur þann sem veldur mengun að greiða fyrir hana og bera þannig ábyrgð á starfsemi sinni. Ferðaþjónustuaðilar ættu að setja sér metnaðarfull markmið þar sem tekin eru markviss og tímasett skref í átt að kolefnishlutlausri starfsemi. Ávallt skyldi flug- og bílaflotinn þannig útbúinn að mengun af starfseminni verði sem minnst, t.d. með sem umhverfisvænstri tækni. Kolefnishlutleysi yrði síðan náð með landgræðslu, endurheimt skóga og votlendis.

*5. Friðlýsingar sem stjórntæki í ferðaþjónustu.* Landvernd hefur ítrekað bent á kosti þess að nýta friðlýsingar í ríkara mæli sem stjórntæki í ferðaþjónustu, ekki síst þegar um er að ræða svæði með viðkvæma náttúru. Þjóðgörðum og öðrum vernduðum svæðum er stýrt með náttúruvernd að leiðarljósi. Skipulag og umferðarstýring dregur úr líkum á skemmdum vegna ágangs ferðamanna og þau verða til langs tíma eftirsóttar vinjar fyrir hugarró og hvíld. Langtímahagsmunir náttúruverndar og ferðaþjónustu fara þannig saman. Stærsta verkefnið fram undan er stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands, sem er sameiginlegt baráttumál náttúruverndar- og útivistarsamtaka og Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ný ríkisstjórn þarf að skoða hvort og þá hvernig megi takmarka fjölda ferðamanna sem koma til Íslands á meðan tekist er á við helstu áskoranir ferðaþjónustunnar. Ég óska nýrri ríkisstjórn og ferðaþjónustunni allri velfarnaðar í þeirri mikilvægu vinnu sem fram undan er.

**Hið opinbera þarf að móta skýrari leikreglur um uppbyggingu gistiaðstöðu og annarrar þjónustu á náttúruverndarsvæðum og öðrum eftirsóttum stöðum í eigu ríkisins.**

skattur.is




Munið að skila
**launaupplýsingum**

Launaupplýsingum (launamiðum) og öðrum gögnum er eingöngu hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

Skilafrestur vegna framtalsgerðar 2017 er til

**20. janúar**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk.is/hafa-samband | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | STOFNUN ÁRSINS 2016

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

# Smá komment um komment



Óli Gneisti Sóleyjarson
lágmenningarfræðingur

Mig langar að rita örfá orð í tilefni greinar Stefáns Mána í Fréttablaðinu 17. janúar um athugasemdakerfi vefmiðla. Ég geri fastlega ráð fyrir að þau séu meira virði, að mati Stefáns, sem grein heldur en sem komment.

Fyrir ekki svo löngu síðan gaf ég út spil sem heitir #Kommentakerfið. Það var ádeila mín á sömu umræðuhefð og Stefán Máni er að tala um. En mín ádeila var frá allt öðru sjónarhorni því ég held að athugasemdakerfin geti verið dásamleg ef miðlarnir sem hýsa þau leggja sig örlítið fram.

Athugasemdakerfin geta nefnilega verið alveg frábært aðhald fyrir fjölmiðla. Þar getur almenningur bent á rangfærslur í fréttum og jafnvel á sjónarhorn sem farið hefur fram hjá fjölmiðlum. Ég veit auðvitað að svoleiðis athugasemdir ná oft að kafna bæði í heimsku sem og kjaftæði um hluti sem tengjast ekki einu sinni fréttinni sem ætti að vera til umræðu. En það eru alveg til lausnir á þessu.

Bestu athugasemdakerfin á vefnum eru þau sem eru með milda ritstjórn.

Sú gengur ekki einu sinni út á að eyða vondum athugasemdum heldur að taka þær úr umferð. Ritstjórar athugasemdakerfanna, sem er staða sem þarf að vera til hjá vefmiðlum sem bjóða upp á komment, merkja athugasemdir sem þeir telja að eigi ekki heima í umræðunni. Þær eru þá faldar þannig að lesendur þurfa sérstaklega að smella á þær til þess að lesa þær. Þannig missa þessar athugasemdir kraft sinn. Það má líka taka þá sem eru of oft í ruglinu úr umferð þannig að það þurfi einhver að lesa yfir athugasemdir þeirra áður en þær birtast.

Gagn athugasemda sést þar sem þær ekki birtast. Í þessum mánuði birti Kjarninn tvær greinar eftir Heiðar Guðjónsson. Maður gæti haldið að Heiðar hefði valið greinum sínum birtingarstað sérstaklega út frá því að Kjarninn leyfir ekki athugasemdir. Greinarnar voru nefnilega uppfullar af staðreyndavillum sem auðvelt hefði verið að leiðrétta í athugasemdum en án athugasemdakerfis fá villurnar að standa óleiðréttar. Fjölmiðill sem leyfir ekki athugasemdir þarf að stunda miklu virkari staðreyndavakt í skrifum sem þar birtast.

Þegar maður er þekktur rithöfundur sem fær birtar aðsendar greinar sínar í blöðum sem eru send á flest heimili í landinu þá skilur maður kannski ekki að tjáningarfrelsi er ekki alltaf sjálfgefið eða auðvelt.

Stefán Máni stingur upp á að fólk deili fréttum með eigin athugasemdum á samfélagsmiðlum í stað þess að nota athugasemdakerfi. Málið er að þannig myndum við bara einangra enn frekar þá bergmálskáinn sem við höfum, með hjálp samfélagsmiðla, búið til fyrir okkur. Við þyrftum aldrei að horfa upp á allt þetta óþægilega fólk sem er ósammála okkur og yrðum þá enn meira hissa þegar þetta fólk tekur sig saman og kýs Donald Trump. Lýðræði krefst meiri rökræðu en ekki minni.

# Hugsun í höftum



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Íslendingar á eftirlaunaaldri eru aldir upp í samfélagi þar sem haftahugsun var ríkjandi. Þjóðfélagið var að feta sig út úr einþættu, fátæku og harðneskjulegu bændasamfélagi, þar sem starfsstéttum var markaður bás. Mektugri bændur ásamt embættismönnum höfðu tögl og hagldir, meðan leiguliðar og vinnufólk bjó við áhrifa- og valdaleysi. Þeir síðarnefndu sem ánauðugir í vistarbandi. Persónulegt frelsi var framandi og mörgum ógnvekjandi.

Þar sem við vorum hluti af danska ríkinu lutum við þeim viðskiptareglum sem þar giltu. Fyrra stríðið og kreppan mikla ýttu undir hugmyndir sem treystu flóknu haftakerfi fyrir velferð þjóðarinnar. Við komum á fót bæði inn- sem og útflutningshöftum. Á framleiðslu og sölu búvara voru sett ströng boð og bönn, þar sem hvers konar samkeppni var úthýst. Þetta fyrirkomulag lifir enn góðu lífi. Viðskipti með gjaldmiðla sem nothæfir voru erlendis voru í ströngum höftum. Verðlagshöft voru innanlands. Atvinnusvæðum innanlands var skipt upp eftir sveita- og bæjarmörkum. Á flestum sviðum samfélagsins ríkti hugsun takmarkana, boða, banna og hafta.

## Höftin linuð

Eftir það umrót sem kom á íslenskt samfélag í seinna stríði og með langvarandi dvöl fjölmenns bandarísks hers var brugðist við efnahagserfiðleikum þess tíma með hertri haftastefnu. Meðan nágrannaþjóðir losuðu haftaskrúfur stríðstímans, tókum við að herða þær. Það var eins og sú hugsun væri nærtækust og okkur eðlislæg. Það var í reynd ekki fyrr en með inngöngunni í EFTA sem fer að örla fyrir opnara hugarfari hvað viðskipti snerti. Þar ruddi brautina Alþýðuflokkur Gylfa Þ.

Inngangan átti mjög á brattann að sækja ekki hvað síst – en þó ekki bara – hjá stjórnmálaflokknum, sem í hugmyndavopnabúri sínu litu á lokað hagkerfi sem meginviðmiðun. Þeir töldu og telja enn að lokun sé árangursríkari aðgerð en opnun. Það er svo ekki fyrr en með samningnum um EES sem þjóðin horfir framan í og tekst á við opið fjölþjóðlegt viðskiptaumhverfi sem grundvallast á frjálsri samkeppni á markaði með samræmdar reglur. Mikil andstaða var innanlands við þessa opnun. Hún var talin fela í sér upphaf glötunar fullveldis þjóðarinnar. Landráð lágu í loftinu.

## Fyrirfram gefnar niðurstöður

Samningurinn um EES var fjarri því að vera fullkominn. Þar vantaði bæði skýrari ákvæði um fjármagnsflutninga og alþjóðlega bankastarfsemi; viðskiptasvið sem ekki knúðu dyra hérlendis þá. Stærsti annmarki samningsins var þó sá, að undanþiggja landbúnað og skylda starfsemi. Samtímis við EES-samninginn, var viðræðulota í Doha um lækkun innflutningstolla og linun hafta í viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Það hefði breytt miklu bæði fyrir neytendur og framleiðendur, ef tekið hefði verið skref í þá átt að opna fyrir samkeppni með iðnaðartengda framleiðslu s.s. alifugla og svín.

Áframhaldandi innflutningsbann leiddi til stöðnunar í greininni. Afleiðing þess veldur hærra verði og kallar sífellt á meiri opinbera styrki.

> **Þessi rótgróna trú á græðimögn hafta og fyrirfram gefnar skaðvænar niðurstöður er arfur fortíðar, sem enn er bæði sprelllifandi og mótar pólitíska stefnumótun, svo sem þegar fyrrverandi stjórnarflokkar gefa sér fyrirfram háskalegar lyktir úr samningaviðræðunum við ESB.**

Það eru dapurleg örlög íslensks landbúnaðar að lifa á ríkisframfæri. Jón Baldvin hafði gert það að skilyrði til myndunar nýrrar ríkisstjórnar 1991 að EES-samningurinn yrði samþykktur. Sjálfstæðisflokkurinn féllst á það. Jafnframt þvertók flokkurinn fyrir nokkra opnun eða tilslökun, sem máli skipti í landbúnaðarviðræðunum í Doha. Trú flokksins á getu og lífseiglu íslensks landbúnaðar var ekki meiri en svo, að þeir gáfu sér það að óreyndu, að bæði iðnaðartengdur sem og hefðbundinn landbúnaður myndi líða undir lok, ef opnað yrði fyrir samkeppni. Þar skyldu höftin ríkja áfram.

Þessi rótgróna trú á græðimögn hafta og fyrirfram gefnar skaðvænar niðurstöður er arfur fortíðar, sem enn er bæði sprelllifandi og mótar pólitíska stefnumótun, svo sem þegar fyrrverandi stjórnarflokkar gefa sér fyrirfram háskalegar lyktir úr samningaviðræðunum við ESB. Ályktunarhæfni í álögum. Hræðslan er slæmur ráðgjafi.

# Til ábyrgðarmanna



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara tekur undir umfjöllun Arnars Inga Ingvarssonar lögmanns um ábyrgðarskuldbindingar, í aðsendri grein hans í Fréttablaðinu þann 10. janúar sl. Líkt og rakið er í greininni er mikilvægt fyrir ábyrgðarmenn að kanna réttarstöðu sína, þegar reynir á gildi ábyrgðarskuldbindinga. Umboðsmaður skuldara hóf það verkefni árið 2011, að veita þá þjónustu að aðstoða einstaklinga við að kanna gildi ábyrgðarskuldbindinga. Framangreind þjónusta fólst í að kanna hvort gætt hafi verið að gildandi reglum þegar til ábyrgðarinnar var stofnað. Yfir 1.300 erindi bárust embættinu, bæði frá ábyrgðarmönnum þeirra skuldara sem sótt höfðu um úrræði hjá embættinu, sem og frá ábyrgðarmönnum ótengdum úrræðum embættisins. Niðurstaða könnunar í um 1.300 málum var sú að telja mátti ábyrgðarskuldbindingar ógildar í þriðjungi málanna.

Þetta viðamikla verkefni embættisins leiddi til stefnumótunar hjá hlutaðeigandi fjármálastofnunum við könnun á gildi ábyrgðarskuldbindinga. Verkefnið þróaðist á þann veg að ábyrgðarmenn áttu með auðveldum hætti að geta leitað til fjármálastofnunar, til að fá gögn og upplýsingar um sannanlegt gildi ábyrgðarinnar. Í dag leiðbeinir embættið ábyrgðarmönnum, sem vilja kanna hvort gætt hafi verið að gildandi reglum við stofnun ábyrgðar, að leita í útibú viðkomandi fjármálafyrirtækis og óska eftir tilteknum gögnum og afstöðu til ábyrgðarinnar. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu embættisins, s.s. um þau gögn sem ber að afla og til hvaða reglna ber að líta við könnun á gildi ábyrgðar, sbr. www.ums.is. Vakin skal athygli á því að reglur um ábyrgðir samkvæmt samkomulagi frá árinu 1998 og 2001 gilda ekki um lífeyrissjóði og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ábyrgðarmenn eru jafnframt hvattir til að kanna hvort ábyrgðarskuldbinding sé fyrnd.

> **Niðurstaða könnunar í um 1.300 málum var sú að telja mátti ábyrgðarskuldbindingar ógildar í þriðjungi málanna.**

Ef aðalskuldari sækir um greiðsluaðlögun og kemst í svokallað greiðsluskjól við samþykkt umsóknar, þá er kröfuhöfum óheimilt að innheimta kröfur sínar á hendur ábyrgðarmönnum á meðan greiðsluskjól varir, sbr. lög um greiðsluaðlögun einstaklinga. Embættið vill þó vekja athygli á því að ábyrgðarmönnum er heimilt að greiða, af sjálfsdáðum, ábyrgðarskuldbindingar sínar meðan greiðsluskjól aðalskuldara varir, kjósi þeir það. Ábyrgðarmaður kann að sjá hag sinn í því til að koma í veg fyrir hækkun skuldarinnar í greiðsluskjóli. Þetta getur átt við í þeim tilvikum þegar ábyrgð telst gild, ófyrnd og staðfest er að ábyrgð verði virk þegar greiðsluskjóli lýkur.




ÍSL 33 – 19 ANG

# -27 KR.

## JÁ STRÁKAR, ÞARNA ÞEKKJUM VIÐ YKKUR!



**Afslátturinn gildir í dag með lyklum og kortum hjá ÓB og Olís.**



**TAKTU ÞÁTT Í EINFÖLDUM LEIK Á ÓB.IS**

Þú gætir unnið 100 lítra á 100% afslætti

PIPAR\TBWA • SÍA

# VELDU ÞÍNA PARADÍS FYRIR SUMARIÐ 2017

## STÓRAR GISTINGAR BÓKAST FYRST!

## BETRA VERÐ Á RAUÐUM DÖGUM NÁNAR UU.IS

VINSÆLT ALLT ÁRIÐ

### TENERIFE 30. ÁGÚST - 06. SEPTEMBER



**TENERIFE SUR** ★★★
Verð frá **67.900 KR.*** / 85.400 KR.**

**PARQUE SANTIAGO** ★★★
Verð frá **69.900 KR.*** / 75.300 KR.**

**MARYLANZA** ★★★★
Verð frá **81.900 KR.*** / 111.500 KR.**

VINSÆLT FYRIR FJÖLSKYLDUR

### GRAN CANARIA 07. - 14. JÚNÍ



**TENEGUIA** ★★
Verð frá **56.900 KR.*** / 67.900 KR.**

**CORDIAL MORGÁN VALLE** ★★★
Verð frá **62.700 KR.*** / 78.700 KR.**

**PARQUE CRISTOBAL** ★★★
Verð frá **71.900 KR.*** / 84.7 00 KR.**

ALLT FYRIR ALLA

### MALLORCA 19. - 29. JÚNÍ 10 DAGAR



**FONTANELLAS PLAYA** ★★★★
Verð frá **98.100 KR.*** /150.100 KR.**

**SOL DE ALCUDIA** ★★★★
Verð frá **102.700 KR.*** / 159.300 KR.**

**VIVA CAN PICAFORT** ★★★★
Verð frá **107.500 KR.*** / 169.000 KR.**

Innifalið í verði er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.



### BÚDAPEST 8.–12. MARS

VERÐ FRÁ **87.800 KR.**

**RADISON BLU** ★★★★
Verð á mann í tvíbýli með morgunverði.



### FENEYJAR 3.-6. MARS

VERÐ FRÁ **157.000 KR.**

**HOTEL CARLTON GRAND CANAL** ★★★★
Verð á mann í tvíbýli með morgunverði



### THAILAND MARGAR BROTTFARIR

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

**FRAMANDI SLÓÐIR Í 14 DAGA**
Verð á mann í tvíbíli.



# ÚRVAL ÚTSÝN

HRINGDU NÚNA
585-4000!
TRYGGÐU ÞÉR FERÐ Í SÓLINA FRÁ
56.900 KR**

FLOTT FYRIR FJÖLSKYLDUR

## ALMERIA 18. - 25. ÁGÚST



**PIERRE VECANCES** ★★★
Verð frá **65.900 KR.*** / 87.300 KR.**

**ARENA CENTER** ★★★★
Verð frá **67.900 KR.*** / 91.300 KR.**

**ROC GOLF TRINIDAD** ★★★
Verð frá **93.700 KR.*** / 122.900 KR.** ALLT INNIFALIÐ

FALLEGUR STRANDBÆR

## ALBIR 23. - 31. MAÍ



**LAS TERRAZAS DEL ALBIR** ★★★★
Verð frá **61.600 KR.*** / 76.300 KR.**

**ALBIR PLAYA** ★★★★
Verð frá **71.900 KR.*** / 90.700 KR.** MEÐ MORGUNVERÐI

**ALBIR KAKTUS** ★★★★
Verð frá **82.700 KR.*** / 97.600 KR.** MEÐ HÁLFU FÆÐI

FJÖRUGT STRANDLÍF

## BENIDORM 30. MAÍ – 07. MAÍ



**HOTEL BALI** ★★★★
Verð frá **79.900 KR.*** / 98.400 KR.** MEÐ HÁLFU FÆÐI

**MEDITERRANO** ★★★★
Verð frá **89.900 KR.*** / 116.700 KR.** MEÐ HÁLFU FÆÐI

**HOTEL AVENIDA** ★★ ★★
Verð frá **101.700 KR.*** / 119.900 KR.** MEÐ MORGUNVERÐI

Birt með fyrirvara um prentvillur.

* VERÐ Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN // ** VERÐ Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA



## DUBAI Í MARS

VERÐ FRÁ **199.900 KR.**

**HOTEL ATLANTIS** ★★★★ Allra síðustu sætin!

Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.



## GOLFFERÐIR TIL SPÁNAR

VERÐ FRÁ **199.900 KR.**

Ótakmarkað golf og **allt innifalið**

Verð m.v. 4 í íbúð.



## SKÍÐAFRÍ TIL ÍTALÍU

FLUGSÆTI FRÁ **49.900 KR.**

**ALLRA SÍÐUSTU SÆTIN Í VETUR**

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

HM 2017 Frakklandi

## ÍSLAND - ANGÓLA 33-19 (16-8)

### Besti maður Íslands



Björgvin Páll Gústavsson varði vel í markinu, tók 64 prósent skota Angólamanna í fyrri hálfleik (13 af 21) og kom síðan aftur inn fyrir Aron Rafn í síðari hálfleiknum.

### Mörk úr leikstöðum




### Hættulegustu mennirnir

**Mörk + stoðsendingar**

- 8 Arnór Þór Gunnarsson 7+1
- 8 Guðjón Valur Sigurðsson 8+0
- 6 Bjarki Már Elísson 6+0
- 6 Arnór Atlason 1+5
- 6 Gunnar Steinn Jónsson 2+4
- 5 Ásgeir Örn Hallgrímsson 1+4
- 5 Ómar Ingi Magnússon 4+1

**21** Ísland fékk 64 prósent marka sinna frá hornamönnunum þremur.

### Hvað gekk vel og hvað illa?

Tölur íslenska liðsins í helstu tölfræðiþáttum í samanburði við tölur mótherjanna.

| | |
|---|---|
| Varin skot markvarðar | +6 |
| Mörk með langskotum | -10 |
| Mörk úr hornum | +7 |
| Mörk af línu | +3 |
| Hraðaupphlaupsmörk | +11 |
| Mörk úr annarri bylgju | +4 |
| Gegnumbrotsmörk | +2 |
| Tapaðir boltar | +2 |
| Brottrekstrar í mínútum | +8 |

**69%** Skotnýting Íslands í leiknum

**49%** Markvarsla Íslands í leiknum

### Tímalína: Gangur leiksins

■ Ísland yfir ■ Ísland undir

| 1–10 | 10–20 | 20–30 | 30–40 | 40–50 | 50–60 |
|---|---|---|---|---|---|
| 7-4 | 7-4 | 2-0 | 4-4 | 4-5 | 9-2 |



Gunnar Steinn Jónsson kom inn með krafti í leikinn í gær en hann spilaði líka af skynsemi. Hér brýst hann í gegnum vörn Angóla í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ /EPA

# Skylduverkinu bjargað í lokin

**Strákarnir okkar eru búnir að vinna sinn fyrsta leik á HM í Frakklandi. Þeir unnu fjórtán marka skyldusigur, 33-19, gegn Angóla. Þrátt fyrir dapran síðari hálfleik náði liðið að búa til forskotið undir lokin.**

FRANCE 2017 HANDBALL



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Það er ekki alltaf auðvelt verk að spila gegn liði eins og Angóla. Það vita allir að þetta er leikur sem á að vinnast frekar auðveldlega. Að gíra sig upp í slíka leiki er því nokkuð vandasamt.

Sú staðreynd að markatalan í riðlinum gæti skipt máli að lokum hjálpaði örugglega okkar mönnum að mæta vel stemmdir til leiks. Þeir voru það líka strákarnir og gerðu nákvæmlega það sem þarf að gera gegn Angóla. Keyra hraðaupphlaup og hraða miðju enda er lið Angóla oft lengi að skila sér til baka.

Björgvin var í banastuði í markinu og varði 13 skot í fyrri hálfleik. Það var 60 prósent markvarsla. Guðjón Valur skoraði átta mörk og alls skoraði liðið úr sjö hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik. Síðustu átta mínúturnar fóru 1-0 fyrir Ísland og því var svolítið svekkjandi að munurinn var „aðeins“ átta mörk, 16-8, í hálfleik.

Geir hristi aðeins upp í liðinu í síðari hálfleik en það virkaði bara alls ekki. Einbeitingin og krafturinn var ekki sá sami og Aron Rafn varði ekki skot í markinu. Er 20 mínútur voru liðnar af síðari hálfleik var staðan 8-8 í hálfleiknum. Alls ekki nógu gott og íslenska liðið var einfaldlega að spila illa.

Strákarnir rifu sig aftur á móti upp á lokakaflanum og lönduðu fjórtán marka sigri. Mjög dýrmætt að hafa þó unnið með þetta miklum mun að lokum.

**Björgvin frábær í markinu**

Björgvin Páll var frábær í markinu í þessum leik og endaði með 55 prósent markvörslu. Hann heldur áfram að skila sínu til liðsins og sérstaklega ánægjulegt að hann hafi náð að spila nokkuð vel í síðari hálfleik líka núna.

Fyrirliðinn Guðjón Valur fór fyrir sínu liði framan af er munurinn var byggður upp og sjálfstraustið lamið úr Angólamönnum. Bjarki Már leysti hann vel af hólmi í síðari hálfleik. Ég hefði viljað sjá meira og sterkara framlag frá Ómari Inga og Arnari Frey. Kári Kristján og Ásgeir Örn eru heldur ekki að ná sér í gang. Ekki einu sinni gegn Angóla. Það er ekki nógu gott mál.

Gunnar Steinn spilaði mikið. Lék af krafti og skynsemi. Oft gott að þekkja sín takmörk og ana ekki út í vitleysu og spilamennska Gunnars er sífellt að verða þroskaðri. Arnór Atlason þurfti að spila mikið í þessum leik. Þurfti að stýra liðinu og axla mikla ábyrgð. Vonandi kemur það ekki niður á honum að hafa þurft að spila þetta mikið.

**Örlögin í þeirra höndum**

Fyrsti sigurinn er kominn í hús og staðan er sú að strákarnir hafa væntanlega örlög sín í eigin höndum. Þá mæta þeir Makedóníumönnum í lokaleik riðlakeppninnar en Makedóníumenn þurfa að spila við Spánverja í kvöld. Þeir mæta vonandi þreyttir og lamdir í lokaleikinn. Þriðja sætið er enn möguleiki og það væri frábært hjá strákunum að ná því. Þeir eru einu skrefi frá þeim árangri og verkefnið í lokaleiknum verður verðugt.

SÉRFRÆÐINGURINN

### „Enginn dæmdur af þessum leik“



„Þessi leikur skipti engu máli nema bara að við þurftum að fá sigur. Það verður enginn dæmdur af þessum leik. Nú þurfum við að vinna Makedóníu og þá verður þriðja sætið í riðlinum vonandi okkar,“ sagði Einar Andri Einarsson. Hann hrósaði varnarleiknum og sagði hann svipaðan og í mótinu hingað til. „Við höfum verið að lifa á vörn og markvörslu og það eina sem þeir náðu að nýta sér voru neglur utan af velli.“

SAGT EFTIR LEIK

### „Allt eftir á gólfinu á fimmtudaginn“



„Það er oft þannig að maður fellur niður á planið sem andstæðingurinn er að spila á. Við vissum að hvert mark mun telja en tvö stig eru góð,“ sagði Bjarki Már Elísson sem kom sterkur inn í seinni hálfleik. „Ég er brjálaður yfir skotinu sem ég klikkaði á. Markvörðurinn var alltaf í bíói í markinu,“ sagði Bjarki. „Nú þurfum við að hvílast vel og svo verður allt skilið eftir á gólfinu á fimmtudaginn á móti Makedóníu.“

FRANCE 2017 HANDBALL

## HM 2017

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Noregur - Brasilía** | **39-26** |
| **Pólland - Japan** | **26-25** |
| **Rússland - Frakkland** | **24-35** |

**Stig þjóða:** Frakkland 8, Noregur 6, Rússland 4, Brasilía 4, Pólland 2, Japan 0.

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Slóvenía - Túnis** | **28-28** |
| **Ísland - Angóla** | **33-19** |

**Mörk Íslands (Skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8/3 (11/3), Arnór Þór Gunnarsson 7 (8), Bjarki Már Elísson 6 (7), Ómar Ingi Magnússon 4/4 (6/4), Rúnar Kárason 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (3), Gunnar Steinn Jónsson 2 (4), Arnór Atlason 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (3), Björgvin Páll Gústavsson (1), Arnar Freyr Arnarsson (1), Ólafur Guðmundsson (1),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavss. 17 (31/2, 55%), Aron Rafn Eðvarðss. 1/1 (6/1, 17%),
**Hraðaupphlaup:** 13 (Guðjón Valur 4, Arnór Þór 4, Bjarki Már 3, Gunnar Steinn, Arnór)
Fiskuð víti: 7 (Bjarki Már Gunnarsson 2, Rúnar 2, Gunnar Steinn, Ásgeir, Arnar Freyr )
**Mörk Angóla (skot):** Sergio Avelino Lopes 8/1 (14/2), Elias Nogueira Antonio 3/1 (5/1), Edvaldo Esmael Ferreira 3 (9), Rome Antonio Hebo 3 (13), Nestor Simao Quinanga 1 (2), Massuca Gabriel Teca 1 (3).
**Stig þjóða:** Slóvenía 7, Spánn 6, Makedónía 4, Ísland 3, Túnis 2, Angóla 0.

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Þýskaland - S-Arabía** | **38-24** |

**Stig þjóða:** Þýskaland 6, Króatía 6, Ungverjaland 2, H-Rússland 2, Síle 2, S-Arabía 0.

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Katar - Argentína** | **21-17** |

**Stig þjóða:** Danmörk 6, Svíþjóð 4, Katar 4, Egyptaland 4, Barein 0, Argentína 0.

## HM-dagskráin

| | | |
|---|---|---|
| 19.45 | **Makedónía - Spánn** | B-riðill |
| 13.00 | **S-Arabía - Ungverjal.** | C-riðill |
| 16.45 | **Hv.Rússl.-Þýskaland** | C-riðill |
| 19.45 | **Króatía - Síle** | C-riðill |
| 13.00 | **Argentína - Egyptal.** | D-riðill |
| 16.45 | **Danmörk - Barein** | D-riðill |
| 19.45 | **Svíþjóð - Katar** | D-riðill |

KR MÆTIR VAL Í BIKARNUM

Í gær kom í ljós hvaða lið mætast í undanúrslitum Maltbikarsins í körfubolta en þau fara í fyrsta sinn fram í Laugardalshöllinni í ár. Undanúrslitin fara fram í Höllinni í sömu viku og bikarúrslitaleikurinn. Stórleikurinn er örugglega leikur Íslandsmeistara Snæfells og spútnikliðs Skallagríms í Maltbikar kvenna en bæði liðin eru í harðri baráttu á toppi Domino's-deildar kvenna. Topplið Keflavíkur dróst aftur á móti gegn Haukum sem eru í næstneðsta sæti deildarinnar.  Hjá körlunum munu mætast Grindavík og Þór Þorlákshöfn en Þórsarar fóru alla leið í bikarúrslitaleikinn í fyrra. Hinn leikurinn hjá körlunum er á milli 1. deildarliðs Vals og Íslands- og bikarmeistara KR. Valsmenn hafa þegar slegið út þrjú úrvalsdeildarlið í vetur.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | **Plymouth - Liverpool** | Sport |
| 19.15 | **Njarðvík - Grindavík** | Njarðvík |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. janúar 2017

2. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Dýrkeypt forðasöfnun

Gengistap og vaxtakostnaður þýðir að uppsafnaður kostnaður af gjaldeyriskaupum nemur um 120 milljörðum. Hagfræðingur telur ósennilegt að nokkur seðlabanki hafi „safnað jafn miklum gjaldeyri á svo skömmum tíma“. Forseti hagfræðideildar HÍ segir kaup bankans að verða honum „ofviða“. »4

Gengistap vegna gjaldeyriskaupa
**116 milljarðar**

Vaxtakostnaður gjaldeyrisforðans
**45 milljarðar**

Gengishagnaður aflandskrónuútboðs
**37 milljarðar**

# 124 milljarðar

**Heildarkostnaður frá 2014**



»2

### Gammar takast á

Gamma Capital Management hf. og Gamma ehf. deila um vörumerkið Gamma fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

»4

### Fékk forkaupsrétt

Lögmaður sem sat í skilanefnd SPB keypti síðar 16% hlut í Ásabyggð af slitastjórn bankans og ESÍ. Bréfin breyttust í 4,9% í Heimavöllum og eru nú metin á 664 milljónir króna.

»10

### Endalok „Trump-batans“?

„Ég held yfirleitt ekki að ég geti haft betur en markaðurinn en nú er hins vegar nokkuð sem veldur mér áhyggjum: „Trump-batinn“ á bandaríska verðbréfamarkaðnum gæti verið við það að taka enda.“







Tryggvi Þór Herbertsson, var forstjóri Askar Capital og Steingrímur Wernersson og Karl Wernersson eigendur bankans.

# Eignasafn Seðlabankans fékk nær þrjá milljarða

Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) fékk rétt fyrir áramót tæpa þrjá milljarða króna upp í kröfur sínar vegna gjaldþrots Askar Capital hf. ESÍ var langstærsti kröfuhafi félagsins en skiptum þess lauk 30. desember. Kröfur í búið námu 7,4 milljörðum og fengust rétt rúmir þrír milljarðar upp í þrotið eða 41 prósent.

Bú Askar Capital, sem var áður fjárfestingarbanki sem lagði áherslu á sérhæfðar fjárfestingar á nýmörkuðum, var tekið til gjaldþrotaskipta 25. september 2015. Höfuðstöðvar bankans voru við Suðurlandsbraut í Reykjavík en óskað var eftir slitameðferð á félaginu í júlí 2010. Tryggvi Þór Herbertsson var forstjóri bankans í eitt ár eða frá stofnun hans árið 2007. Askar Capital var hluti af Milestone-veldi Steingríms og Karls Wernerssona.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

**Hótel við heimskautsbaug**

**Hótel Norðurljós á Raufarhöfn er til sölu.**

Nær 970 fm. eign, 15 herbergi með baði, veitingasalur, eldhús og sér íbúð, auk 480 fm. óinnréttaðrar jarðhæðar. Góð staðsetning við höfnina. Auðveld kaup. Hentar vel einstaklingi eða hjónum sem vilja starfa við ferðaþjónustu í litlu sveitarfélagi á landsbyggðinni eða sem viðbót við annan sambærilegan rekstur.








**Frekari upplýsingar veita:**
Gunnar Svavarsson, gunnar@kontakt.is
Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 01.17




Gísli Hauksson, forstjóri Gamma Management hf. og hluthafi í fjármálafyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Slást um vörumerkið Gamma fyrir dómi

**Gamma Capital Management og Gamma ehf. deila um vörumerkið Gamma. Frávísunarkrafa tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. „Þetta er búið að vera í minni fjölskyldu síðan 1969," segir Magnús Stephensen.**

Deila um notkun og skráningu á vörumerkinu Gamma verður útkljáð fyrir dómstólum. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðar á fimmtudag um frávísunarkröfu fasteignafélagsins Gamma ehf. á dómsmáli sem hófst með stefnu fjármálafyrirtækisins Gamma Capital Management hf. Eigendur fasteignafélagsins hafa einnig stefnt síðarnefnda félaginu.

„Þetta býður upp á rugling og við viljum fá úr þessu skorið hvað er rétt og hvað er rangt. Það eru stefnur á báða bóga en engin illindi eða neikvæðni af okkar hálfu. Gamma Capital Management rekur sitt fyrirtæki og gerir það vel en vonandi kemst niðurstaða í málið og þá munu menn væntanlega una henni og lífið halda áfram," segir Magnús Stephensen, stjórnarmaður og einn eigenda Gamma ehf.

**Faðir minn rak fyrirtæki sem hét Gamma og sinnti ýmissi þjónustu fyrir auglýsingastofur eins og innheimtu.**



Magnús Stephensen, einn eigenda Gamma ehf.

Ingvi Hrafn Óskarsson, lögmaður Gamma Capital Management í málinu, staðfestir í samtali við Markaðinn að forsvarsmenn fyrirtækisins fari fram á að skráning Gamma ehf. á vörumerki fasteignafélagsins verði ógilt. Fyrrnefnda félagið á og rekur Almenna leigufélagið, annað stærsta leigufélag landsins á almennum markaði. Gamma ehf. er í eigu Magnúsar og Hannesar Hilmarssonar, forstjóra flugfélagsins Atlanta, og á og leigir út fasteignirnar Skólavörðustíg 7, Bergstaðastræti 4 og Týsgötu 8 ásamt nokkrum öðrum húsum í Reykjavík.

Firmaheiti Gamma ehf. var skráð árið 2005 en Gamma Capital Management, sem er öllu umsvifameira fjármálafyrirtæki með yfir 115 milljarða króna í stýringu fyrir meðal annars lífeyrissjóði, fyrirtæki og einstaklinga, var stofnað árið 2008. Magnús Stephensen segir að nafnið sé honum mjög kært.

„Þetta er búið að vera í minni fjölskyldu síðan 1969. Faðir minn rak fyrirtæki sem hét Gamma og sinnti ýmissi þjónustu fyrir auglýsingastofur, eins og innheimtu. Svo var nafnið sett á ís en við félagarnir tókum það svo upp aftur árið 2005 og sitjum nú báðir í stjórn okkar fasteignafélags sem heitir Gamma ehf. og hefur starfað síðan þá," segir Magnús. **haraldur@frettabladid.is**

# Jör ehf. tekið til gjaldþrotaskipta

Einkahlutafélagið Jör var tekið til gjaldþrotaskipta þann 11. janúar. Þetta kemur fram í Lögbirtingablaðinu en félagið var stofnað utan um hönnun á fatalínum Jör og verslunarrekstur við Laugaveg 89.

Félagið var rekið með 25 milljóna króna tapi árið 2015 og var eigið fé þess þá neikvætt um rétt tæpar 53 milljónir króna. Það var stofnað 2012 af Guðmundi Jörundssyni og Gunnari Erni Petersen. Guðmundur sagði í samtali við Fréttablaðið í lok nóvember að fyrirtækið væri í endurskipulagningu og komið á ákveðinn byrjunarreit. Ný verslun Jör var í kjölfarið opnuð á horni Týsgötu og Skólavörðustígs. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er hún rekin af félaginu RE13 ehf. sem var stofnað í fyrra. Ekki náðist í Guðmund við vinnslu fréttarinnar.



Guðmundur Jörundsson, stofnandi Jör. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# HP EliteBook Folio

## Sannkallað augnayndi og einstök afköst

Falleg hönnun og frábær frammistaða sameinast í einni þynnstu og léttustu fyrirtækjatölvu á markaðinum í dag.



Falleg notendavæn hönnun með 180° löm svo hægt er að leggja hana flata niður.

6th Gen Intel® Core™ M series, 8GB vinnsluminni og mjög góð rafhlöðuending.

Öryggislausnir HP hjálpa til við að verja gögn fólks á ferðinni og jafnvel áður en vélin er ræst.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Sömdu við skilanefndarmann SPB um forkaupsrétt í stóru leigufélagi

**Lögmaður sem sat í skilanefnd SPB keypti síðar 16% hlut í Ásabyggð af slitastjórn bankans og ESÍ. Fjárfestingin hefur sexfaldast.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



Heimavellir og Ásabyggð sameinuðust rétt fyrir áramót. Markaðsverðmæti fyrirtækisins miðað við útistandandi hlutafé nemur 13,5 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slitastjórn Sparisjóðabankans (SPB) seldi félagi í eigu fyrrverandi skilanefndarmanns þrotabúsins tíu prósenta hlut í leigufélaginu Ásabyggð síðla árs 2015. Kaupverðið nam 10,6 milljónum króna og innan við ári síðar keypti hann sex prósent til viðbótar af Eignasafni Seðlabanka Íslands (ESÍ). Þessi 16 prósenta hlutur breyttist rétt fyrir síðustu áramót í 4,9 prósent í leigufélaginu Heimavöllum sem eru nú metin á um 664 milljónir króna. Eigandi hlutarins, lögmaðurinn Jón Ármann Guðjónsson, fullyrðir að hann hafi borgað um 100 milljónir króna fyrir eignarhlutinn með kaupum á hlutafé og þátttöku í hlutafjáraukningum í Ásabyggð. Auk þess þáði hann ekki laun fyrir vinnu sína fyrir slitastjórnina á árunum 2012 til 2015.

Samkvæmt svari Tómasar Jónssonar, fyrrverandi formanns slitastjórnar SPB, við fyrirspurn Markaðarins var samið við Jón Ármann í mars 2013 um forkaupsrétt á tíu prósentunum vegna þekkingar hans á rekstri Ásabyggðar. Jón hafði þá setið sem stjórnarformaður leigufélagsins og Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf., sem hélt þá utan um 50 prósenta hlut SPB í Ásabyggð, vegna setu sinnar í skilanefndinni.

„Skilanefndin lauk störfum í lok árs 2012 og þá var Jón búinn að vera þarna í bankanum í tvö þrjú ár og þekkti margt. Við nýttum okkur það þegar slitastjórnin tók við eignunum. Hann aðstoðaði okkur með nokkur mál og þar á meðal þetta en við vildum halda þessu eins lengi og við gátum og högnuðumst ágætlega á því,“ segir Tómas.

### Skilaði 732 íbúðum

Ásabyggð á Ásbrú í Reykjanesbæ hét áður Háskólavellir og var stofnað árið 2007 utan um kaup á 1.500 íbúðum auk atvinnuhúsnæðis á gamla varnarliðssvæðinu. SPB fór inn í hluthafahóp leigufélagsins í apríl 2008 þegar bankinn keypti Fjárfestingarfélagið Teig af Runólfi Ágústssyni, fyrrverandi rektor Háskólans á Bifröst. Bankinn fór í greiðslustöðvun í mars 2009 og skipaði Fjármálaeftirlitið (FME) þá skilanefnd yfir honum. Jón Ármann tók sæti í henni og varð stjórnarformaður Ásabyggðar í júní 2010. Gegndi hann sömu stöðu hjá Teig frá ágúst 2009 og þangað til félagið var afskráð þann 18. nóvember síðastliðinn.

Leigufélagið á Ásbrú keypti alls 89 fasteignir, þar af 76 fjölbýlishús, á 11,6 milljarða króna. Eins og kom fram í frétt DV í október 2015 þá greiddu þáverandi eigendur Ásabyggðar alls 4,1 milljarð króna til ríkisins fyrir eignirnar árið 2008.

**664**
**milljónir króna er upphæðin sem bréf Jóns Ármanns í Heimavöllum eru nú metin á og hefur fjárfestingin því sexfaldast.**

> **Ég hef alltaf borgað hverja einustu krónu á móti öðrum hluthöfum. Ég borgaði tíu milljónirnar til SPB og þeir töpuðu engu á því og ég fékk aldrei greitt fyrir vinnu mína í um fjögur ár.**
>
> Jón Ármann Guðjónsson



Þeir greiddu aftur á móti aldrei milljarðana 7,5 sem ríkið átti að fá árin á eftir. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, neyddist því í september 2014 til að leysa til sín 732 íbúðir sem voru áður í eigu Ásabyggðar. Yfirtók Kadeco einnig 7,5 milljarða króna skuld leigufélagsins við ríkissjóð en fékk á móti skuldabréf að verðmæti 2,5 milljarðar. Eigendur Ásabyggðar héldu eftir 713 íbúðum á Ásbrú sem þeim hafði tekist að koma í útleigu. Samkvæmt frétt DV í október 2015 voru þær þá metnar á 9,7 milljarða.

„Síðan var endursamið og þá fyrst var kominn einhver rekstrargrundvöllur fyrir það sem eftir stóð,“ segir Jón Ármann í samtali við Markaðinn.

### Keyptu einnig af ESÍ

Teigur átti níu prósenta hlut í Ásabyggð árið 2011 en 50 prósent í lok árs 2012. Aukninguna má rekja til ákvarðana Teigs og Klasa fjárfestingar ehf. um kaup á fleiri hlutum í félaginu þegar fyrrverandi hluthafarnir, Íslandsbanki, slitabú VBS fjárfestingarbanka og Landsbankinn, ákváðu að afsala sér hlutum sínum í félaginu. Samkvæmt svari Tómasar töldu þessir fyrrverandi eigendur að ekkert framtíðarvirði væri í félaginu. Teigur greiddi málamyndagjald eða 184 þúsund krónur fyrir 41,3 prósenta aukahlut og þegar Lögborg, lögmannsstofa Jóns Ármanns, nýtti sér kaupréttinn í nóvember 2015 hafði SPB sett 50 milljónir króna inn í Teig.

Ásabyggð var í árslok 2015 í eigu félagsins Foss II slhf. Klasi fjárfesting, fjárfestingarfélags hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur og Tómasar Kristjánssonar, átti þá 50 prósent í Fossi II en Teigur 40 prósent. Forkaupsrétturinn sem Jón Ármann samdi um hafði þá tryggt honum tíu prósenta hlut sem var síðan skráður á félagið M75 ehf. Það félag er í dag skráð í helmingseigu Jóns en samkvæmt lögmanninum er hann eini raunverulegi eigandi félagsins.

„Þetta snýr alfarið að mér. Ég hafði gert þennan samning um að ég fengi nánast ekki neitt borgað nema að það yrði eitthvað úr þessu að hafa. Foss II er búið að leggja inn í þetta um 826 milljónir króna. Ég tók þátt í hlutfalli við mína hlutafjáreign áður en kom að sameiningu við Heimavelli,“ segir Jón Ármann.

Samkvæmt svörum Tómasar og Jóns enduðu bréfin í Ásabyggð sem Teigur hélt eftir inni í eignarhaldsfélagið SPB þegar slitastjórnin lauk störfum í júní í fyrra. Bæði eigendur Klasa fjárfestingar og Jón ákváðu þá að nýta sér forkaupsrétt og var hlutafé Foss II aukið.

„Þeir fara svo út úr þessu verkefni í fyrra og þá var ég með forkaupsrétt inni í Fossi og þá nýti ég á móti öðrum hluthöfum forkaupsrétt þegar ESÍ ákveður að fara út. Ég fékk þá einn af hverjum fimm hlutum annarra eigenda Foss og þannig endaði ég í 16 prósentum,“ segir Jón.

### Hluthafi í leigurisa

Ásabyggð sameinaðist Heimavöllum rétt fyrir áramót og úr varð stærsta leigufélags landsins sem á og rekur yfir tvö þúsund leiguíbúðir. Eigendur þess stefna að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í lok næsta árs. M75 á eins og áður segir 4,9 prósent í Heimavöllum sem metin eru á 664 milljónir króna miðað við síðustu viðskipti með bréf leigufélagsins.

„Ég er ekki búinn að leggja jafn mikið í þetta og verðmætið stendur í í dag. Það er alveg ljóst. Aftur á móti er ekki búið að selja út úr þessu og það á eftir að koma í ljós hvernig verkefnið endar,“ segir Jón Ármann og heldur áfram:

„Ég hef alltaf borgað hverja einustu krónu á móti öðrum hluthöfum. Ég borgaði tíu milljónirnar til SPB og þeir töpuðu engu á því og ég fékk aldrei greitt fyrir vinnu mína í um fjögur ár. Ég tók sénsinn á þessu og hafði trú á verkefninu og vildi ekki skilja það eftir í rúst.“

Tómas Jónsson segir samninginn við Jón Ármann um forkaupsrétt hafa verið „mjög eðlilegan“ og ítrekar það mat að Ásabyggð hafi verið verðlaust félag þegar slitastjórnin tók við.

„Þú getur fengið það staðfest hjá öllum sem komu að þessu. Við sáum möguleika í þessari stöðu því við gætum haldið þessu á lífi í einhver ár og við komumst að því hjá þessum tveimur aðilum [eigendahópur Klasa fjárfestingar og Jón Ármann] að það væri möguleiki að fá eitthvað út úr þessu sem varð síðan raunin,“ segir Tómas.

*En Jón Ármann komst í þessa stöðu af því hann sat í skilanefndinni á sínum tíma?*

„Já, já. Það má segja það. En það voru fleiri í þessari skilanefnd sem voru ekki í þessari stöðu því þau höfðu ekki þessa þekkingu á rekstri Ásabyggðar og Teigs sem Jón hafði aflað sér. Það var ekki verið að semja við skilanefndarmann. Allir samningar um þetta þola dagsljósið,“ segir Tómas




Fremsta eignastýring innanlands
Fyrsti valkostur utanlands
Besta eignastýring á Íslandi þrjú ár í röð*
– góður kostur þegar þú fjárfestir erlendis
*World Finance
kvika.is
KVIKA

# Forðasöfnun Seðlabankans hefur kostað bankann yfir 120 milljarða

**Sé horft fram hjá hagnaði við útboð aflandskróna nemur kostnaður af gjaldeyriskaupum Seðlabankans samanlagt 160 milljörðum. Mestu munar um gengistap samtímis styrkingu krónunnar. Forstöðumaður efnahagssviðs SA segir bankann ekki geta haldið áfram á sömu braut. Framkvæmdastjóri hjá GAMMA segir það skjóta skökku við að vera með 5 prósenta vaxtamun í núverandi árferði.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Uppsafnaður heildarkostnaður Seðlabanka Íslands vegna gjaldeyriskaupa bankans frá árinu 2014, sem nema samanlagt 770 milljörðum, er kominn yfir 120 milljarða króna. Þar munar mestu um hreint gengistap upp á tæplega 80 milljarða, samkvæmt útreikningum Markaðarins á áætluðum kostnaði við gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á undanförnum misserum og árum. Til viðbótar við hið mikla gengistap þá kemur til kostnaður vegna neikvæðs vaxtamunar við útlönd, enda eru innlendir vextir mun hærri en ávöxtun gjaldeyrisforðans í erlendri mynt, að fjárhæð um 45 milljarðar á síðustu tveimur árum.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er boðuð endurskoðun á peninga- og gjaldmiðlastefnu Íslands, meðal annars í ljósi breytinga sem orðið hafa á grunngerð efnahagskerfisins með miklu innstreymi gjaldeyris og ört vaxandi gjaldeyrisvaraforða.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins (SA), segir að Seðlabankinn sé kominn að endamörkum þess að geta haldið áfram á sömu braut í gjaldeyriskaupum. Bankinn hafi byggt upp rúman gjaldeyrisforða sem uppfylli öll alþjóðleg viðmið og langt umfram það. „Varaforði af þeirri stærðargráðu sem við höldum úti kostar tugi milljarða á ári hverju bara í hreinum vaxtakostnaði. Hugsanlega eru ekki til dæmi þess efnis að nokkur seðlabanki í heiminum hafi safnað jafn miklum gjaldeyri á svo skömmum tíma ofan í svo mikla styrkingu og með eins mikinn vaxtamun,“ segir Ásdís í skriflegu svari til Markaðarins.

### Óhugsandi að vita rétt gengi

Hún bendir jafnframt á að í stað þess að halda áfram á þeirri vegferð að vinna gegn styrkingu krónunnar með gjaldeyriskaupum ætti Seðlabankinn fremur að huga að því

> **Hugsanlega eru ekki til dæmi um að nokkur seðlabanki hafi safnað jafn miklum gjaldeyri á svo skömmum tíma ofan í svo mikla styrkingu og með eins mikinn vaxtamun**
>
> Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins



hvort ekki sé svigrúm til að minnka vaxtamun við útlönd og losa um öll höft, í hvaða formi sem er. „Við erum í haftalosunarferli en það er óskiljanlegt í því umhverfi sem við búum við í dag að fjárfestingar innlendra og erlendra aðila séu háðar staðfestingu Seðlabankans eða lúti fjárhæðartakmörkunum. Á meðan við búum við höft er óhugsandi að vita hvað sé hið rétta gengi krónunnar.“

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands og efnahagsráðgjafi Virðingar, segir að á einhverjum tímapunkti, sem er kannski ekki of fjarri í tíma, þá fer gjaldeyrisinngripastefna Seðlabankans að verða bankanum ofviða. „Forðasöfnun blæs út efnahagsreikning Seðlabankans – bæði eignir og skuldir. Á eignahlið hlaðast upp gjaldeyriseignir en á skuldahlið myndast kröfur á hendur Seðlabankanum frá fjármálastofnunum. Þetta skapar vanda fyrir Seðlabankann vegna gjaldmiðlamisræmis sem og mismunandi vaxtaburð eigna og skulda. Bankinn situr því uppi með bæði gengisáhættu og neikvæðan vaxtamun sem getur verið mjög kostnaðarsamur. Frá sjónarhóli hagkerfisins í heild þá mun stækkun efnahagsreiknings Seðlabankans vegna forðasöfnunar leiða til þess að innlendar fjármálaeignir vaxa í einu eða öðru formi sem getur leitt til lánaþenslu, meðal annars með aukningu peningamagns í umferð.“

### Útboð og gengishagnaður

Kostnaður Seðlabankans við að byggja upp gjaldeyrisforða, sem nemur um 35 prósent af landsframleiðslu, væri enn meiri ef ekki hefði verið fyrir gjaldeyrisútboð sem var haldið fyrir eigendur aflandskróna í júní 2016. Samanlagður gengishagnaður Seðlabankans í tengslum við þær aðgerðir, þar sem bankinn seldi aflandskrónueigendum evrur fyrir krónur á talsvert lægra gengi en sem nam hinu opinbera gengi bankans, var um 38 milljarðar króna. Þrátt fyrir að bankanum hafi tekist að minnka aflandskrónustabbann um nærri hundrað milljarða með útboði og gjaldeyrisviðskiptum á liðnu ári þá námu aflandskrónueignir 191 milljarði króna í árslok 2016. Þær aflandskrónur eru að stærstum hluta í eigu fjögurra bandarískra fjárfestingasjóða sem hafa hingað til ekki verið reiðubúnir að selja þær krónueignir á miklum afslætti, miðað við skráð gengi krónunnar, fyrir evrur.

Á sama tíma og Seðlabankinn hefur verið að auka gjaldeyriskaup sín á markaði – á síðasta ári námu hrein kaup bankans að meðaltali um 32 milljörðum í hverjum mánuði – þá hefur krónan haldið áfram að styrkjast gagnvart helstu viðskiptamyntum. Það hefur þýtt að bókfært gengistap Seðlabankans af slíkum gjaldeyrisviðskiptum, þar sem bankinn kaupir evrur fyrir krónur, hefur að sama skapi aukist umtalsvert. Þannig kostaði evran 119 krónur í árslok 2016 borið saman við rúmlega 141 krónu árið áður. Samkvæmt útreikningum Markaðarins, sem hafa verið yfirfarnir af sérfræðingum á fjármálamarkaði, þá nemur bókfært gengistap af uppsöfnuðum gjaldeyriskaupum Seðlabankans 2014 samanlagt um 116 milljörðum króna. Rétt er að taka fram að Seðlabankinn kann að hafa skipt hluta af þeim evrum sem bankinn hefur keypt á markaði að undanförnu yfir í aðra erlenda gjaldmiðla, til dæmis Bandaríkjadollar, og þannig minnkað eitthvað gengistapið sem hefur fylgt gjaldeyriskaupunum – sú fjárhæð breytir hins vegar litlu varðandi stóru myndina.

## Fimm prósent vaxtamunur við útlönd „þjónar engum tilgangi“

Ýmsir greinendur og markaðsaðilar hafa nefnt, sem rök fyrir því að peningastefnunefnd Seðlabankans eigi að lækka nafnvexti bankans, að raunvaxtamunur Íslands gagnvart helstu viðskiptaríkjum hafi sjaldan verið meiri. Sú staða veki áleitnar spurningar enda er hún meðal annars til þess fallin að ýta enn frekar undir gengisstyrkingu krónunnar og vaxtakostnað Seðlabankans við að halda úti stórum gjaldeyrisforða verður að sama skapi meiri en ella.

Valdimar Ármann, hagfræðingur og framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, tekur undir slík sjónarmið í samtali við Markaðinn. Hann segir að það skjóti skökku við hversu háir vextir Seðlabankans séu við núverandi aðstæður þar sem gjaldeyrisforðinn er í methæðum samhliða því að bankinn hefur ekki undan við að bregðast við miklu fjármagnsinnflæði með því að kaupa gjaldeyri í stórum stíl á markaði.



**Valdimar Ármann, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA.**

„Að vera með vaxtamun við útlönd um þessar mundir sem nemur um fimm prósentum þjónar engum tilgangi þegar horft er til þess að grunngerð íslenska hagkerfisins hefur gjörbreyst á liðnum árum með uppgangi ferðaþjónustunnar. Aðstæður eru með allt öðrum hætti en í aðdraganda bankahrunsins 2008 þegar góðærið var tekið að láni með erlendri skuldsetningu. Núna er hagvöxtur drifinn áfram af nýrri og ört vaxandi gjaldeyrisskapandi atvinnugrein auk þess sem þjóðhagslegur sparnaður heldur áfram að aukast umtalsvert. Það er því erfitt að sjá hvaða þörf er á því að halda vöxtum jafn háum og raun ber vitni enda virðist þessi breytta samsetning hagkerfisins þýða að það er í jafnvægi við mun hærra gengi krónunnar en við höfum áður þekkt í íslenskri hagsögu,“ segir Valdimar.

## Forðasöfnun Seðlabankans kostaði 88 milljarða árið 2016

Hagnaður/tap á gjaldeyrisviðskiptum Seðlabankans 2014 til 2016 (í milljónum króna)

| | MEÐAL-KAUPGENGI | ÁRSLOKA-GENGI | EVRUR KEYPTAR | 2014 | 2015 | 2016 | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gjaldeyriskaup 2014 | 154,52 | 154,27 | 721 | -182 | -9.333 | -15.993 | -25.508 |
| Gjaldeyriskaup 2015 | 145,52 | 141,32 | 1.872 | | -7.871 | -41.538 | -49.409 |
| Gjaldeyriskaup 2016 | 133,59 | 119,13 | 2.891 | | | -41.817 | -41.817 |
| Útboð aflandskróna | 190,00 | 119,13 | -436 | | | 30.916 | 30.916 |
| Viðbótarkaup afl.kr. | 220,00 | 119,13 | -70 | | | 7.107 | 7.107 |
| *Gengismunur* | | | | -182 | -17.204 | -61.325 | -78.711 |
| *Vaxtamunur (áætlað 2016)* | | | | 0 | -18.000 | -27.000 | -45.000 |
| ***Heildarkostnaður á ári*** | | | | **-182** | **-35.204** | **-88.325** | **-123.711** |



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur sagt að „viðbrögð við miklu gjaldeyrisinnstreymi á gjaldeyrismarkað að undanförnu [sé] eitt flóknasta viðfangsefni Seðlabankans um þessar mundir“.**






**MIKLU BETRI** Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

# SÆBJÚGNAHYLKIN ERU BYLTING

**ARCTIC STAR KYNNIR** Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgna-hylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

## FINNUR MIKINN MUN Á SÉR

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu við strendur Íslands. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir Magnús.

Magnús, sem er 65 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“



**HEILSUBÓT** Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum.

> Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun.
>
> Magnús Friðbergsson

**Íslensk framleiðsla** Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.



BLÚSSANDI GANGUR
Á ÚTSÖLUNNI
allt að
60%
afsláttur
VETRARYFIRHAFNIR,
GERRY WEBER-GARDEUR
BETTY BARCLAY
GÆÐA MERKJAVARA
Á ÚTSÖLUVERÐI
Skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook



HÆGELDAÐ NAUTABRJÓST
Hægeldað nautabrjóst
Texas BBQ Style
Borið fram í hamborgarabrauði með, ristuðum lauk, sætkartöflustráum og amerísku hrásalati „coleslaw“, ásamt krullufrönskum
Aðeins 1.690 kr.
2 FYRIR 1
Hægeldað nautabrjóst Texas BBQ Style 1.690 kr. fyrir tvo til og með 28. feb.
Klipptu flipann út og taktu með þér.



TEXASBORGARAR
Grandagarði 11
texasborgarar.is

# ÆVINTÝRIN MEGA EKKI GLEYMAST

Nýtt barna- og fjölskylduleikrit eftir Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu næstu helgi. Gömlu góðu ævintýrin koma þar við sögu og er mikil áhersla lögð á góð samskipti milli barna og foreldra.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Ævintýraleikritið Fjarskaland verður frumsýnt á sunnudaginn í Þjóðleikhúsinu. Höfundur leikritsins er Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói, en verkið er sannkallað fjölskylduleikrit að hans sögn sem fær leikhúsgesti til að rifja upp gömlu góðu ævintýrin og ekki síður til að huga að ýmsum mikilvægum þáttum í samskiptum barna og fullorðinna.

Það var Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri sem kom að máli við Góa á síðasta ári og bað hann að skrifa barna- og fjölskylduleikrit fyrir leikhúsið. Gói segir það hafa verið gífurlega mikinn heiður. „Heilinn fór á fullt að reyna að finna skemmtilega sögu og þessi saga kom mjög fljótt til mín. Mig langaði að segja eitthvað með verkinu, reyna að fræða en um leið að skemmta leikhúsgestum og ekki síst að hvetja börn og foreldra til að lesa saman.“



Hallgrímur Ólafsson í hlutverki Númenórs. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

### ÓTAL ÆVINTÝRI

Leikritið gerist í Fjarskalandi þar sem ævintýrapersónurnar eiga heima. Hættuástand ríkir þar því ævintýrin eru að gleymast. „Ástæðan er sú að við mannfólkið erum hætt að lesa gömlu góðu ævintýrin. Dóra er stelpa sem elskar að lesa ævintýri með ömmu sinni. Þegar leikritið byrjar kemur Númenór sem er verndari ímyndunaraflsins og Fjarskalands og segir Dóru að úlfurinn í Rauðhettu hafi rænt ömmu hennar til að bjarga ævintýrinu sínu. Verkið fjallar svo í stuttu máli um björgunarleiðangur Dóru og Númenórs þar sem þau lenda í ótal ævintýrum á leiðinni. Upp hefst mikil spenna og það er aðeins ein leið til að finna út úr því hvort þeim tekst að bjarga ömmu.“

> Mér finnst gömlu góðu ævintýrin vera smátt og smátt að gleymast.
> Guðjón Davíð Karlsson (Gói)

Samskipti foreldra og barna, ásamt lestrarstundum fjölskyldunnar, eru Góa mjög hugleikin og einkenna innihald og boðskap leikritsins. „Mér finnst gömlu góðu ævintýrin vera smátt og smátt að gleymast. Það sem er verra er að við nútímaforeldrar erum líka svolítið að fara á mis við stóran þátt í tengslamyndun við börnin okkar, t.d. með því að lesa ekki meira fyrir þau og eiga um leið góða stund með þeim. Það er svo auðvelt að skella spjaldtölvunni bara í fangið á börnunum en við megum ekki gleyma þessum gæðastundum.“

### SKEMMTILEGUR UNDIRBÚNINGUR

Vignir Snær Vigfússon semur tónlistina í sýningunni sem á stóran þátt í heildarmyndinni að sögn Góa. „Við höfum unnið mjög mikið saman. Hann samdi m.a. tónlistina í Góa og eldfærunum og Góa og baunagrasinu sem við Þröstur Leó gerðum fyrir nokkrum árum. Viggi samdi líka alla tónlist í Stundinni okkar þegar ég var umsjónarmaður hennar þannig að okkur finnst mjög gaman að vinna saman. Verkefni hans var að finna tóninn í Fjarskalandi, þessum ævintýrastað, og ég er ofboðslega lukkulegur með tónlistina.“



„Það er svo auðvelt að skella spjaldtölvunni bara í fangið á börnunum en við megum ekki gleyma þessum gæðastundum,“ segir Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói, höfundur leikritsins Fjarskalands. MYND/STEFÁN

Hann segir allan undirbúning hafa verið ótrúlega skemmtilegan og að hann sé stoltur af Þjóðleikhúsinu og metnaðinum sem leikhúsið leggi í sýninguna. „Það er valinn maður í hverju rúmi. Frábær leikhópur undir stjórn Selmu Björnsdóttur sem er svakalega fær og skemmtilegur leikstjóri. Finnur Arnar gerir ævintýralega leikmynd og María Ólafsdóttir geggjaða búninga. Ólafur Ágúst er svo með það hlutverk að lýsa sýninguna. Svo má náttúrulega ekki gleyma allri búningadeildinni sem saumar búningana, gervadeildinni sem hannar og býr til gervi á allar persónurnar. Það eru ótrúlega margir sem koma að svona sýningu. Þetta er búið að vera ævintýri líkast að sjá þetta verða til. Ég mæli með því að öll fjölskyldan fari í ferð til Fjarskalands með Þjóðleikhúsinu.“



Höfundur Fjarskalands, Gói, fer yfir málin með Hallgrími Ólafssyni og Snæfríði Ingvarsdóttur sem leika aðalhlutverkin í leikritinu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

## BÍLAR & FARARTÆKI


Bílalíf



**GOTT VERÐ - DÍSEL**
MERCEDES E 200 CDI AVANTGARDE. Árg.2012,ek.88.þ km,sjálfskiptur, Verð 3.990.000. Rnr.128652. Á staðnum. S:562-1717.



**GOTT VERÐ - DÍSEL**
MERCEDES-BENZ C 180 CDI. Árg.2011,ek.169.þ km,dísel, sjálfskiptur.Verð 2.490.000. Á staðnum.Rnr.127491. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

Bílaplan.is



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgerð 2011, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.107866.á staðnum

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**Opið 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.**
**www.bilaplan.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bílaplan.is



BMW 5 525i. Árgerð 2005, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.107753.á staðnum



BMW 114d. Árgerð 2014, ekinn 103 Þ.KM, dísel, beinskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.107851.á staðnum

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**Opið 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.**
**www.bilaplan.is**


### Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann 8682352

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar


VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


### Varahlutir





# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**RENAULT** Clio expression sport tourer
**Verð: 1.990.000**
Árgerð: 2014 : Dísel
Ekinn: 52þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.197593.



**AUDI** A6
**Verð: 690.000**
Árgerð: 2003 : Bensín
Ekinn: 177þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.270145.



**DACIA** Dokker ambiance
**Verð: 1.890.000**
Árgerð: 2015 : Dísel
Ekinn: 40þ.km. : 5 gírar
Rnr.260148.



**DACIA** Lodgy
**Verð: 2.590.000**
Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 0þ.km. : 5 gírar
Rnr.270154.



**LAND ROVER** Discovery se
**Verð: 12.700.000**
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 13þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.302310.



**LAND ROVER** Discovery 4 hse
**Verð: 7.960.000**
Árgerð: 2011 : Dísel
Ekinn: 113þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.270109.

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400

www.bilaraf.is


## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

777-0709 869-5927

**Smíðaverktakar**

**Getum bætt við okkur verkefnum**

gipsvinna, parketlagnir og öll almenn smíðavinna.

smidaverktakar@gmail.com

smidaverktakar ehf

### Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímapantanir í Síma 771 2117.

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com






## KEYPT & SELT

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

KvikkFix

Hvaleyrarbraut 4-6 • Hafnarfirði • S: 575-1500

Viljum ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaþjónustu. Áhugasamir sendi umsóknir á hinrik@nrg.is

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. s: 6552849

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.


Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Meðgöngudekur**

Nudd í 45 mín og með fylgir fótsnyrting án lakks eða vax upp að hnjám **aðeins 10.000.-**

Tilboðið verður út janúar, gildir í 6 mánuði eftir það.

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart







**Austurstræti 18**

101 Reykjavík

Tvær skrifstofur á 4. og 5. hæð

Leigðar báðar saman eða í sitt hvoru lagi

Önnur skrifstofan er 100 fm og hin 111 fm

Eldhúsaðstaða og snyrting í báðum rýmum

Björt og opin skrifstofurými.

Lyfta í húsinu.

**Aðeins langtímaleiga kemur til greina.**

**Lausar strax.**



Nánari upplýsingar veitir

Jón Rafn Valdimarsson

löggiltur fasteignasali

sími: 695 5520

jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is


FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 641, 8. júlí 2016**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna sbr. auglýsingu nr. 9/2017 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir öðru sinni eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

**Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdalur og Ísafjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2017.

*Fiskistofa, 17. janúar 2017.*




# Ávöxtun *sjóða* Stefnis

| Sjóður | Árleg nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir – Samval[1] | -1,4% | 14,7% | 12,8% | 14,8% | 15,0% | |
| Stefnir – Eignastýringarsjóður[1] | -0,5% | 10,2% | 7,8% | 8,8% | 8,8% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir – ÍS 15[1] | -11,2% | 13,6% | 12,2% | 19,3% | 20,2% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | 8,1% | 6,9% | 7,7% | 7,0% | 6,5% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | 4,9% | 5,9% | 4,9% | 4,3% | 4,4% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | 5,2% | 6,8% | 5,4% | 4,4% | 4,7% | |
| Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | 3,5% | 5,5% | 3,6% | 3,0% | 3,5% | |
| Stefnir – Lausafjársjóður[1] | 5,8% | 5,5% | 5,5% | 5,5% | | 5,5% |
| Stefnir – Skuldabréfaval[1] | 5,5% | 5,0% | | | | 5,1% |
| **Erlend hlutabréf **** | | | | | | |
| KF – Global Value[2] | -5,5% | -1,8% | 2,1% | 4,5% | 6,7% | |
| KMS – Global Equity[2] | -9,3% | -3,6% | 1,4% | 3,3% | 6,4% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | -14,2% | -6,8% | -4,1% | -0,1% | 4,5% | |
| Stefnir – Erlend hlutabréf[2] | -8,6% | -6,3% | -1,2% | 1,1% | 4,5% | |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma.

* 1 ár: 31.12.2015 – 31.12.2016. 2 ár: 31.12.2014 – 31.12.2016. 3 ár: 31.12.2013 – 31.12.2016. 4 ár: 31.12.2012 – 31.12.2016. 5 ár: 31.12.2011 – 31.12.2016.
Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 408 milljarða króna í virkri stýringu. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á www.stefnir.is

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf., sem er vörslufyrirtæki sjóðanna, og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000 eða á arionbanki.is/sjodir

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Arion banki
– fyrir framtíðina

### Forðasöfnun og haftalosun

Bókfært tap Seðlabankans vegna gengismunar er því umtalsvert meira en sá kostnaður sem stafar af neikvæðum vaxtamun á gjaldeyrisjöfnuði bankans. Fram kom í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á ársfundi bankans í mars 2016 að miðað við stöðu forðans í árslok 2015 hefði sá kostnaður numið um átján milljörðum á ársgrundvelli. Ef tekið er mið af gjaldeyriskaupum bankans og stærri forða á árinu 2016 þá má gróflega áætla að kostnaður bankans vegna þessa neikvæða vaxtamunar hafi aukist um helming í fyrra og numið um 27 milljörðum á ársgrundvelli.

Gjaldeyriskaup Seðlabankans hafa sem fyrr segir aukist hröðum skrefum á undanförnum tveimur árum. Á síðasta ári námu hrein kaup bankans 386 milljörðum og jukust um liðlega 42% frá fyrra ári. Yfirlýst markmið kaupanna, sem hafa numið um 55% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði á árunum 2015 og 2016, er að vega á móti styrkingu krónunnar samhliða miklu innstreymi gjaldeyris og byggja upp forða sem er að stórum hluta fjármagnaður innanlands – en ekki með lántöku í erlendri mynt – í aðdraganda almennrar losunar hafta. Með þessu móti hefur Seðlabankanum tekist að minnka verulega erlenda lausafjáráhættu þjóðarbúsins. Þrátt fyrir þessi stórfelldu gjaldeyriskaup þá hækkaði gengi krónunnar um rúmlega átján prósent á síðasta ári.

### Ekki orðið sjálfstætt vandamál

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur sagt að „viðbrögð við miklu gjaldeyrisinnstreymi á gjaldeyrismarkað að undanförnu [sé] eitt flóknasta viðfangsefni Seðlabankans um þessar mundir“. Í ræðu sinni á árlegum peningamálafundi Viðskiptaráðs í lok nóvember í fyrra sagðist Már hins vegar ekki telja að hinn stóri gjaldeyrisforði „sé orðið sjálfstætt vandamál þar sem hann ógni afkomu Seðlabankans“.

**Meginmarkmið með stöðugleikasjóði hlýtur að vera háleitara og til lengri tíma en að tempra gjaldeyrisflæði, líkt og raunin er með olíusjóð Norðmanna**

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands



Seðlabankastjóri nefndi sérstaklega þrjú atriði til að rökstyðja þá skoðun sína. Í fyrsta lagi megi ekki einungis horfa á þann kostnað sem fylgir stórum gjaldeyrisforða heldur verði einnig að líta til ábatans fyrir fjármálastöðugleika. Þá verði að hafa í huga við mat á núverandi forðastærð að áhrifin af losun hafta geta orðið umtalsverð á komandi misserum – og stór forði skapar traust í því ferli. Að lokum benti Már á að ekki mætti aðeins horfa til aðstæðna um þessar mundir og „framreikna þær til allrar eilífðar og fá þannig stórt vandamál“. Vaxtamunur við útlönd væri meðal annars breytilegur frá einum tíma til annars og þá gæti verið tilefni til að selja gjaldeyri úr forðanum síðar meir til að jafna sveiflur í gjaldeyrisstreymi og gengi og hafa af því tekjur á móti núverandi kostnaði.

Seðlabankastjóri undirstrikaði engu að síður að það þyrfti alltaf að huga að því að draga úr fjármögnunarkostnaði gjaldeyrisforðans. Þannig mætti til dæmis skoða þann möguleika að setja hluta forðans í áhættusamari fjárfestingar sem gefa meiri ávöxtun eins og ýmsir seðlabankar í svipaðri stöðu hafa gert á síðustu árum. „Það versta sem í myndum hins vegar gera í þessu sambandi,“ útskýrði Már í ræðu sinni, „væri að fórna langtíma ávinningi varðandi verðstöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúskapnum í því skyni að auka hagnað Seðlabanka Íslands til skamms tíma.“

### Aðlögun að breyttu hagkerfi

Ásdís Kristjánsdóttir segir að Samtök atvinnulífsins séu þeirrar skoðunar að hugmyndir sem hafa verið settar fram um svonefndan stöðugleikasjóð, þar sem hluti forðans yrði nýttur til að fjárfesta í áhættusamari eignaflokkum en ríkisvíxlum- og skuldabréfum, séu þess virði að skoða. Mikilvægt sé aftur á móti að fjárfestingareglur um slíkan sjóð væru skýrar þannig að fyrirfram sé tryggt hvenær og hvernig fjármunir sjóðsins eigi að nýtast. „Sú gengishækkun sem verið hefur síðustu misseri á sér eðlilegar skýringar, meðal annars vegna mikils vaxtar ferðaþjónustunnar. Þetta er óhjákvæmileg aðlögun þjóðarbúsins að breyttu hagkerfi. Í þessu samhengi má því velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að stjórnvöld stýri því hvað gengi krónunnar er hverju sinni með sjóðauppbyggingu á gjaldeyrisinnflæði ferðamanna. Það þarf að hugsa slíkan sjóð til enda áður en til framkvæmda kemur. Einnig hefur verið rætt um að nýta arðgreiðslur orkufyrirtækja til að byggja upp stöðugleikasjóð. Það gæti verið skynsamlegt að horfa til slíkra leiða í framtíðinni en fyrst um sinn þarf að greiða niður ríkisskuldir sem enn eru of háar.“

Ásgeir Jónsson bendir á að grundvallarforsenda gjaldeyrisvaraforða felast í því að safna seljanlegum erlendum eignum sem hægt er að losa með engum fyrirvara. „Það er því ekki hægt að líta á stöðugleikasjóð,“ útskýrir Ásgeir, „sem gjaldeyrisvarasjóð í eiginlegum skilningi. Hægt væri að beita sjóðnum til þess að viðhalda viðskiptaafgangi til lengri tíma með því að viðhalda jafnvægi á gjaldeyrismarkaði og koma í veg fyrir ofris krónunnar. Þó fylgja svipuð vandamál því að safna saman gjaldeyri í stöðugleikasjóð líkt og um gjaldeyrisforða væri að ræða þar sem ríkissjóður þyrfti að leggja fram nýjar innlendar fjármálaeignir til þess að kaupa gjaldeyri af innlendum aðilum, sem hlýtur að kalla á einhverjar stýfingaraðgerðir. Hins vegar hlýtur meginmarkmið með slíkum stöðugleikasjóði að vera háleitara og til lengri tíma en að tempra gjaldeyrisflæði, líkt og raunin er með olíusjóð Norðmanna.“

### „Þó fyrr hefði verið“

Ásdís segir að Samtök atvinnulífsins „fagni því“ að ný ríkisstjórn áformi að endurmeta forsendur peningastefnunnar, meðal annars í ljósi ört vaxandi gjaldeyrisforða, og „þó fyrr hefði verið“ enda hefur núverandi peningastefna verið við lýði í hartnær sextán ár – og á helmingi tímabilsins hefur krónan verið í höftum. Við þá endurskoðun þurfi hins vegar að horfa til ýmissa þátta, svo sem hvaða stjórntæki séu heppileg í núverandi árferði og hvort þörf sé á því að breyta verðbólgumarkmiði Seðlabankans. „Raunar væri eðlilegra í framhaldinu að endurskoðun á peningastefnunni ætti sér stað reglulega, eins konar fínstilling á þeirri peningastefnu sem er við lýði til að slétta úr hnökrum og skapa faglegra yfirbragð. Þá er mikilvægt að hafa í huga að sama til hvaða leiða við horfum, verðum við aldrei betur sett með endurmótaða peningastefnu ef hið opinbera sýnir ekki ábyrgð í sinni fjármálastefnu og hið sama má segja um vinnumarkaðinn.“

Ásgeir segir mestu máli skipta að við endurskoðun stjórnvalda á peningastefnunni þurfi sérstaklega að hafa í huga að aðgerðir í peningamálum verði ekki til þess að draga erlent áhættufjármagn til landsins eða koma í veg fyrir eðlilega áhættudreifingu innlendra aðila með erlendum fjárfestingum. „En svo lengi sem viðskiptaafgangur er til staðar mun mikið erlent fjármagnsinnflæði geta leitt til þess að krónan ofrísi á gjaldeyrismarkaði“.

**Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans hafa stóraukist**

Í milljörðum króna




**Gjaldeyrisforðinn hefur aldrei verið stærri**




**Gengi krónunnar gagnvart evru hefur samt styrkst stöðugt**




450 FASTEIGNASALA
450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is

Fjölskyldufyrirtæki til sölu - einstakt tækifæri!

Um er að ræða afar vel rekið fjölskyldufyrirtæki í eigin húsnæði á frábærum stað í Reykjavík.

Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur. Sömu eigendur frá upphafi hátt í tvo áratugi. Vaxandi velta og miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.

450@450.is | Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali

450 fasteignasala ehf. kt. 620900-2490 Engjateigur 9, 105 Reykjavík 450.is 450@450.is Sími 450-0000




## Gjaldeyrisforðinn verði settur að hluta í Stöðugleikasjóð

Við núverandi aðstæður er gjaldeyrisforði Seðlabankans ávaxtaður til skamms tíma með því að fjárfesta í víxlum og ríkisskuldabréfum ríkja með hæstu lánshæfiseinkunn sem bera litla sem enga vexti um þessar mundir. Þær skoðanir hafa hins vegar verið settar nýlega fram, í tengslum við umræðu um ört vaxandi innstreymi gjaldeyris og þann kostnað sem Seðlabankinn þarf að bera vegna gjaldeyrisforðans, að Ísland eigi að fara að fordæmi Norska olíusjóðsins og bregðast við gerbreyttum – og betri – aðstæðum í hagkerfinu með því að koma á fót sjóði sem myndi huga að fjárfestingu til lengri tíma með von um betri ávöxtun.

Þannig hefur Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra, lagt til að stofnaður verði svonefndur Stöðugleikasjóður Íslands sem hefði það að markmiði að draga úr hagsveiflum og stuðla að efnahagslegum stöðugleika til langs tíma. Í grein sem Lilja birti í Kjarnanum undir lok síðasta árs, þar sem hún útlistaði helstu rökin fyrir því að koma á fót slíkum sjóði, kom fram að grunninn að Stöðugleikasjóðnum mætti leggja með hluta af stöðugleikaframlögum gömlu bankanna sem hafa reynst mun meiri en upphaflega var talið.

Þannig mætti nota þá fjármuni að hluta til með því að kaupa gjaldeyri af Seðlabankanum og minnka þá um leið óþarflega stóran forða bankans. „Slíkt myndi létta undir með Seðlabankanum, sem ber umtalsverðan kostnað af gjaldeyrisforðanum. Stöðugleikasjóðurinn gæti hins vegar látið gjaldeyrinn vinna fyrir sig, með svipuðum hætti og Norski olíusjóðurinn gerir fyrir frændur okkar í Noregi. Til lengri tíma litið yrði Stöðugleikasjóðurinn svo fjármagnaður af útflutningsgreinunum; með auðlindarentu frá fyrirtækjum í sjávarútvegi og ferðaþjónustu, arðgreiðslum frá opinberum orkufyrirtækjum og afgangi af fjárlögum þegar þannig árar.“



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins.

Lilja, sem gegndi um árabil starfi aðstoðarframkvæmdastjóra á skrifstofu seðlabankastjóra og alþjóðasamskipta í Seðlabankanum, nefnir jafnframt að hið útflutningsdrifna hagkerfi Íslands standi nú um stundir á tímamótum vegna gríðarlegs vaxtar í ferðaþjónustu. Uppgangur í þeirri atvinnugrein, ásamt öðrum útflutningsgreinum og háum innlánsvöxtum, hefur valdið því að innflæði gjaldeyris er meira en dæmi eru um í hagsögu Íslands. Til að vinna gegn áhrifum þessa mikla innflæðis á íslensku krónuna hefur Seðlabankinn kerfisbundið keypt gjaldeyri á markaði og safnað í myndarlegan gjaldeyrisvaraforða, sem er farinn að nálgast um 40% af landsframleiðslu.

Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar, útskýrir Lilja í greininni, að „kostnaður við slíkt forðahald er umtalsverður vegna þess vaxtamunar sem er milli Íslands og helstu viðskiptaríkja. Kostnaðurinn eykst eftir því sem forðinn stækkar og því er ljóst, að við getum ekki stuðst við þessa aðferðafræði til allrar framtíðar. Hafa ber í huga að forðinn er ávaxtaður til skamms tíma, t.d. í erlendum ríkisvíxlum sem bera lága vexti, á meðan ávöxtun til lengri tíma myndi skila þjóðinni umtalsvert betri árangri. Þannig gæti Stöðugleikasjóður fjárfest til hagsbóta fyrir þjóðina.“

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar kemur fram að stofna eigi stöðugleikasjóð á kjörtímabilinu. Sá sjóður er hins vegar aðeins hugsaður til þess, ólíkt því sem Lilja hefur talað fyrir, að halda utan um arð af orkuauðlindum í eigu ríkissjóðs. Þannig gæti sjóðurinn að tryggja „komandi kynslóðum hlutdeild í ávinningi af sameiginlegum auðlindum og verði sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið,“ eins og segir í stefnuyfirlýsingunni.

ÍSLANDSSJÓÐIR

IS ÓVERÐTRYGGÐUR SJÓÐUR

# BESTA ÁVÖXTUN ÍSLENSKRA RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐA Á ÁRINU 2016*

## 8,23% ársávöxtun

Á árinu 2016 skilaði IS Óverðtryggður sjóður Íslandssjóða betri ávöxtun en nokkur annar íslenskur skuldabréfasjóður.* Sjóðurinn var jafnframt með hæstu ávöxtun íslenskra skuldabréfasjóða ef horft er yfir tveggja ára tímabil. Sjóðurinn er opinn fyrir alla sparifjáreigendur en hann fjárfestir í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og innlánum.

**Kynntu þér málið á vib.is eða í síma 440 4900**

Gengisþróun sjóðsins frá stofnun




Heimild: Íslandssjóðir hf.

IS Óverðtryggður sjóður Íslandssjóða er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Íslandssjóðir hf. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem leitt geta til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Óverðtryggða sjóðs Íslandssjóða, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengilegar á heimasíðu VÍB, www.vib.is.

*Samkvæmt upplýsingaveitunni www.keldan.is.

**VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka**

Sími 440 4900 | vib@vib.is | facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

30 ÁRA

vib

ENNEMM / SÍA / NM79508

# Skotsilfur

## Björgvin Skúli í bankastjórann?



Tilkynnt verður um nýjan bankastjóra Landsbankans á allra næstu dögum. **Björgvin Skúli Sigurðsson**, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar Landsvirkjunar, er sterklega orðaður við bankastjórastólinn en hann var um þriggja ára skeið framkvæmdastjóri hjá Deutsche Bank í London. Þar áður starfaði hann um árabil fyrir bandaríska fjárfestingabankann Lehman Brothers. Lilja Björk Einarsdóttir, sem stýrði eignaumsýslu gamla Landsbankans í London 2010-2016, er einnig sögð líkleg til að hreppa starfið. Þau Björgvin Skúli þekkjast vel en þau voru saman í námi í verkfræðideildinni í HÍ.

## Heitt undir Höskuldi



Mikilvægt er að fyrirhugað útboð Arion heppnist vel, ekki síst vegna mikilla fjárhagslegra hagsmuna ríkisins, en væntingar eru um að erlendir fjárfestar muni sýna útboðinu mikinn áhuga. Þá er mikið undir hjá **Höskuldi Ólafssyni**, bankastjóra Arion banka, en að sögn kunnugra kunna dagar hans í starfi að vera taldir ef ekki tekst að selja stóran hlut í útboðinu.

Vitað er að áhrifamestu kröfuhafar Kaupþings, sem fer með 87 prósenta hlut í Arion banka, hafa oft verið ósammála stjórnendum um stefnu bankans. Þeir hafa hins vegar haft fá úrræði til að koma óánægju sinni á framfæri. Það var ekki fyrr en í september í fyrra sem Kaupþing fékk í fyrsta sinn mann í stjórn bankans. Skömmu síðar var ákveðið að segja upp samtals 46 starfsmönnum.

## Ragna ekki að fara neitt



Sterkur orðrómur var á kreiki í kringum áramót um að **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, væri búin að segja starfi sínu lausu. Fylgdi sögunni að hún væri einn umsækjenda um bankastjórastöðu Landsbankans. Þegar Markaðurinn náði tali af Rögnu í síðustu viku varð hins vegar fljótt ljóst að sá orðrómur var á sandi byggð. Rögnu var skemmt en augljóst að það kom henni á óvart hversu víða sagan hafði ratað.

# Fjölorkustöð Costco rís




Fjölorkustöð bandaríska smásölurisans Costco rís nú við hlið bílastæðis IKEA í Kauptúni í Garðabæ. Þar hafa verktakar unnið hörðum höndum síðustu viku við að grafa bensín- og olíutanka niður í jörðu og er nú bensínstöðin sjálf farin að taka á sig mynd. Costco ætlar að opna verslun sína í Kauptúni í maí en áður stóð til að hún yrði opnuð tveimur mánuðum fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eru þetta endalok „Trump-batans“?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Ég held yfirleitt ekki að ég geti haft betur en markaðurinn en nú er hins vegar nokkuð sem veldur mér áhyggjum: „Trump-batinn“ á bandaríska verðbréfamarkaðnum gæti verið við það að taka enda.

Mér virðist að fjárfestar á bandaríska verðbréfamarkaðnum séu að einbeita sér að hugsanlegu afnámi regluverks og skattalækkunum (og fjárfestingum í innviðum). Og auðvitað gæti sú orðið raunin og afnám regluverks og skattalækkanir ættu vissulega að vera fagnaðarefni fyrir bandaríska hagkerfið og bandaríska verðbréfamarkaðinn.

En ef það verða gerðar kerfisbreytingar þá verður það vegna þess að meirihluti Repúblíkana í báðum deildum þingsins vill það – ekki vegna Trumps. Trump heldur áfram að fylgja þessum hugmyndum í orði kveðnu en hann hefur sannarlega ekki verið samkvæmur sjálfum sér. Það er ekkert í fortíð Trumps sem segir okkur að hann sé „maður hins frjálsa markaðar“.

En hann hefur verið stefnufastur – jafnvel mjög stefnufastur – í boðskap sínum um verndarstefnu og óhróðri um Kínverja. Núna hunsa markaðirnir þetta, og það er kannski ekki rangt að gera það, en ég verð að segja að tal Trumps um 35% tolla hræðir mig verulega og sömuleiðis stöðugar tilraunir hans til að „snapa fæting“ við Kína.

**Virðingarleysi við leikreglur**

Annar þáttur sem gæti markað endalok „Trump-batans“ er að ekki aðeins mun Seðlabanki Bandaríkjanna hækka stýrivexti í næstu viku heldur gæti seðlabankinn einnig sent herskárri merki en markaðurinn gerir nú ráð fyrir.

Hvað þetta varðar myndi ég sérstaklega fylgjast með verðbólguvæntingum sem hafa í raun hætt að hækka síðan verðbólguvæntingar markaðarins fóru upp fyrir 2% fyrir jól. Í millitíðinni hafa viðskipti á bandaríska verðbréfamörkuðum almennt haldið áfram á (hóflega) hærra verði. Þarna virðist mér vera nokkurt sambandsleysi.

> **Þar að auki er ljóst að Trump ber ekki mikla virðingu fyrir almennum leikreglum.**

Þar að auki er ljóst að Trump ber ekki mikla virðingu fyrir almennum leikreglum. Hann vill kúga bandarísk fyrirtæki til að framleiða í Bandaríkjunum og vill skattleggja hvert það fyrirtæki sem vill framleiða í Kína eða Mexíkó og flytja vörurnar aftur til Bandaríkjanna.

**Daður við verndarstefnu**

Með öðrum orðum má segja að Trump styðji viðskipti (að minnsta kosti viðskipti vina sinna) en það er mun síður ljóst hvort hann er markaðssinni eða fylgjandi samkeppni. Þótt afnám hamlandi reglna verði gott fyrir bandaríska hagkerfið er daður hans við verndartollastefnu og hörð afstaða gegn innflytjendum mun neikvæðari. Raunar gætu þessi stefnumál dregið verulega úr langtímahagvexti í bandaríska hagkerfinu.

Svo þótt sumt í stefnu Trumps séu góðar fréttir fyrir verðbréfamarkaðina er sannarlega stór hluti stefnunnar sem gæti verið mjög neikvæður fyrir verðbréfamarkaðinn og ef verndarstefnan og stefnan gegn innflytjendum (og sívaxandi fjárlagahalli) verður yfirsterkari en skattalækkanir og afnám regluverks þá gæti „Trump-batinn“ brátt verið fyrir bí. Spurningin er hvort það verði fyrir eða eftir að hann sver eið sem 45. forseti Bandaríkjanna á föstudaginn.

# Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór?



**Nýsköpun**
Edda Konráðsdóttir, verkefnastjóri Gulleggsins

Það hafa eflaust allir einhvern tíma fengið góða hugmynd. Hugmynd sem lætur þig hugsa í sekúndubrot „já, veistu, þetta gæti gert mig að milljónamæringi“. Svo hverfur hún á brott, þú gleymir henni í amstri dagsins, eða telur þér trú um að einhver hafi pottþétt gert þetta áður og gefur þig efanum á vald.

Það krefst hugrekkis og þrautseigju að taka næsta skref og kanna möguleikann. Margir eru jafn hræddir við velgengni og það að mistakast. Í sumum tilfellum þarf fólk að vera tilbúið til að taka áhættu. En er það ekki gamanið?

Hver eru þessi ofurmenni sem þora að taka skrefið? Þessi ofurmenni sem birtast okkur í fréttum og á samfélagsmiðlum, sem líta út fyrir að fá fleiri klukkutíma í sólarhringnum en við hin og koma þar af leiðandi óskiljanlega miklu í verk.

Við eigum það til að gleyma því að við erum öll sama venjulega fólkið með 24 klukkustundir í sólarhringnum. Galdurinn liggur í markmiðasetningu og tímastjórnun í réttu samblandi við ástríðu og trú á sjálfan sig. Trú á mann sjálfan getur nefnilega komið manni furðu langt. Það byrjuðu allir einhvers staðar og þarna úti er hópur fólks sem er tilbúið að hjálpa, leiðbeina og taka þetta stökk með þér.

Góður byrjunarreitur fyrir hugmyndir er Gulleggið, frumkvöðlakeppni sem allir geta tekið þátt í sér að kostnaðarlausu. Yfir 2.300 hugmyndir hafa farið í gegnum Gulleggið frá upphafi en keppnin hefur farið stigvaxandi síðastliðin ár og fagnar nú tíu ára afmæli. Gulleggið er fyrst og fremst stökkpallur til að koma hugmyndum á framfæri ásamt því að vera spark í rassinn til að hrinda hugmynd í framkvæmd. Keppnin er skipulögð með tilliti til þess að hún henti samhliða skóla og/eða vinnu en þátttakendur fá aðgang að vinnusmiðjum. Í vinnusmiðjunum þeir sitja fyrirlestra, fá ráðgjöf og leiðsögn sérfræðinga.

Gulleggið er lærdómsrík og skemmtileg reynsla en jafnframt lóð á vogarskálar þess að búa framúrskarandi einstaklinga undir þátttöku í íslensku atvinnulífi til framtíðar. Næst þegar sekúndubrotið þitt kemur, staldraðu þá við og hugsaðu hvort Gulleggið sé fyrsta skrefið þitt að einhverju stórfenglegu.

Umsóknarfrestur í Gulleggið er til miðnættis í dag, miðvikudaginn 18. janúar. Kynnið ykkur keppnina á www.gulleggid.is


2 MARAÞON NOW
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA
Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*
3 MÍN AÐ SKRÁ SIG
3 DAGAR FRÍTT
2.990 KR. Á MÁNUÐI
2now.is
365
*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

**Stundum** heyrist að stjórnmálamenn séu til óþurftar eða með öllu áhrifalausir. Stjórnarmaðurinn er því algerlega ósammála. Þannig er það væntanlega hafið yfir vafa að stjórnmálamenn geta leikið stóra rullu í flóknum úrlausnarefnum eins og umhverfismálum. Þeir geta komið löggjöf til leiðar sem verndar umhverfið, refsar þeim sem menga og hvetur fólk til að haga neyslu sinni á ábyrgan hátt. Kannski er það meira að segja stærsta viðfangsefni alþjóðastjórnmála eins og sakir standa?

**Stjórnmálamenn geta líka** leikið aðalhlutverk á ögurstundu, eins og framganga Winstons Churchill sýndi í seinna stríði, eða svo dæmi sé tekið úr nærumhverfinu og án þess að verið sé að leggja það að jöfnu, afskipti Sigmundar Davíðs eða Ólafs Ragnars af Icesavedeilunni. Í báðum tilvikum er um að ræða mál þar sem stjórnmálamenn og ákvarðanir þeirra höfðu úrslitaáhrif á þróun mála.

**Afskipti stjórnmálamanna** af öðrum sviðum mannlífsins geta verið umdeildari. Þannig má efast um hvort æskilegt sé að stjórnmálamenn reyni í stórum stíl að skapa atvinnu eða að beina athafnalífi samfélagsins í ákveðinn farveg. Við Íslendingar þekkjum það af eigin raun; hvort sem um er að ræða misgáfulegar virkjunarframkvæmdir eða kísilver. Megum við þá frekar þiggja sjálfsprottin störf í ferðamannaiðnaði?

**Orð stjórnmálamanna** hafa líka áhrif. Þeir þurfa að stíga varlega til jarðar og varast stórkarlalegar yfirlýsingar. Við Íslendingar þekkjum það frá því á árunum fyrir hrun hvernig yfirlýsingar stjórnmálamanna geta grafið undan tiltrú erlendra aðila á t.d. efnahagsmálum eða undirstöðum hagkerfisins. Orð þeirra hafa áhrif.

**Bretar reyna þetta** nú á eigin skinni, en forsætisráðherrann Theresa May hefur tjáð sig oft á tíðum óvarlega um útfærsluna á útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Undanfarna daga hefur pundið fallið verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum og hefur nú ekki verið veikara í rúm þrjátíu ár. Hafa þar yfirlýsingar May haft mest áhrif, en nú er svo komið að pundið veikist áður en hún talar opinberlega. Svo hræddir eru markaðsaðilar við innihaldið.

**Stjórnmálamenn eru ekki** mikilvægari en aðrar stéttir, t.d. læknar eða kennarar. Þeir eru hins vegar ólíkir að því leyti að ekki dugar að dæma frammistöðu þeirra aðeins af því sem þeir koma í verk. Stundum er þeirra besta framlag falið í þögninni eða aðgerðarleysinu. Vafalaust hugsa margir Theresu May þegjandi þörfina þessa dagana.

ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## Gestur fyrir Borgun



Borgun hefur leitað til Gests Jónssonar, hæstaréttarlögmanns og eiganda að Mörkinni lögmannsstofu, til að gæta hagsmuna sinna og Hauks Oddssonar, forstjóra félagsins, gagnvart Landsbankanum en greint var frá því undir lok síðasta árs að bankinn hefði höfðað mál gegn greiðslukortafyrirtækinu vegna umdeildrar sölu á 31 prósents hlut í Borgun. Hæstaréttarlögmaðurinn Ólafur Eiríksson, eigandi að LOGOS, sér hins vegar um málareksturinn fyrir hönd Landsbankans.

16.01. 2017



**Það er allt undir í viðræðunum. Því miður á ég erfitt með að segja frá einstaka atriðum, en það getur ekki gengið til lengdar. Og sá tími kemur að ég segi frá hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig.**

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna (VM)


# MEÐ GRÆNA SAMVISKU?

ODDI

## Minna kolefnisspor fyrir betri heim

Hjá Odda leggjum við metnað okkar í að framleiða vandaðar umbúðir sem koma vörunni ekki aðeins ferskri í hendur neytenda, heldur stuðla að hreinna umhverfi fyrir okkur öll á sama tíma. Í nútíma samfélagi er rík krafa á fyrirtæki að huga vandlega að umhverfismálum og því mikilvægt að geta valið umbúðir sem stuðla að minni sóun og hreinni náttúru.

Við framleiðum matvælaumbúðir, úr plasti og pappa, sem skilja eftir sig umtalsvert minna kolefnisspor en vörur frá helstu samkeppnislöndum.* Þetta er vegna þess að í okkar framleiðslu eru eingöngu notaðir endurnýjanlegir orkugjafar öfugt við innfluttar vörur sem auk þess eru fluttar um langan veg til landsins með tilheyrandi kolefnisspori.
**Veldu minna kolefnisspor - fyrir okkur öll.**

**Oddi**, pappakassar
- **477** kg $CO_2$ ígildi per tonn

**Kína**, pappakassar
- **923** kg $CO_2$ ígildi per tonn

**Samanburður á kolefnisspori við framleiðslu á pappakössum hjá Odda og fyrirtækjum á helstu samkeppnismörkuðum.** Kg Co2 ígildi per tonn.




*raforka framleidd að miklu leyti með kjarnorku

www.oddi.is

# Leikur númer 55 á HM og Guðjón Valur tók metið af Óla

Guðjón Valur Sigurðsson er nú orðinn leikjahæsti íslenski landsliðsmaðurinn í sögu HM en hann setti nýtt met í Metz í gærkvöldi. HM-ferill hans hófst líka í Frakklandi í janúar árið 2001.



Guðjón Valur Sigurðsson fagnar einu marka sinna á HM í Fraklandi en hann bætir metið með hverju marki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**HANDBOLTI** Þeim fer að fækka metunum hjá handboltalandsliðinu sem Guðjón Valur Sigurðsson er ekki kominn með í sína vörslu. Guðjón Valur bætti í gær met Ólafs Stefánssonar yfir flesta leiki Íslendings á heimsmeistaramóti í handbolta.

Guðjón Valur er fimmti maðurinn til að eignast þetta met á undanförnum 27 árum en hann er eini hornamaðurinn í þessum úrvalshóp. Guðjón Valur hafði bætt markamet Ólafs Stefánssonar á HM á Spáni fyrir fjórum árum en á nú einn bæði leikja- og markametið.

Ólafur Stefánsson lék sinn 54. og síðasta HM-leik á HM í Svíþjóð árið 2011 en Ólafur hefur átt metið í sjö ár eða síðan að hann tók það af Guðmundi Hrafnkelssyni á HM í Þýskalandi. Guðmundur lék á sínum tíma 43 leiki fyrir Ísland á HM. Geir Sveinsson, núverandi landsliðsþjálfari, átti síðan metið á undan Guðmundi Hrafnkelssyni en Geir spilaði sjálfur 32 leiki á HM. Guðmundur tók metið af Geir á HM í Frakklandi 2001.

Guðjón Valur er nú á sínu tuttugasta stórmóti og hefur leikið fleiri stórmótaleiki og skorað fleiri stórmótamörk en nokkur annar íslenskur leikmaður. Hann hefur á þessum tuttugu stórmótum mætt 36 þjóðum en Angóla bættist í hópinn í gærkvöldi.

Angóla varð jafnframt 29. þjóðin sem Guðjón Valur mætir á HM. Ólafur Stefánsson spilaði sína 54 HM-leiki á móti 31 þjóð. Guðjón Valur hefur ekki mætt Hvíta-Rússlandi, Bandaríkjunum, Litháen, Sádí-Arabíu, Suður-Kóreu og Sviss sem voru öll á meðal mótherja Íslands á HM þegar Ólafur lék með. Guðjón Valur hefur aftur á móti leikið á móti Angóla, Brasilíu, Makedóníu og Síle en það eru allt þjóðir sem Ólafur mætti aldrei á HM.

Guðjón Valur hefur spilað flesta HM-leiki á móti Rússlandi, Spáni og Frakklandi eða fjóra á móti hverri þjóð. Hann hefur hins vegar skorað flest HM-mörk á móti Ástralíu eða alls 29 í aðeins tveimur leikjum sem gera 14,5 mörk að meðaltali í leik.

Það eru næstum því fimmtán ár síðan Guðjón Valur spilaði sinn fyrsta leik á HM en það var einmitt í Frakklandi og á móti Svíþjóð í Montpellier 23. janúar 2001. Guðjón Valur skoraði 3 mörk í 21-24 tapi. Guðjón Valur hefur síðan skorað þrjú mörk eða fleiri í 44 af 54 leikjum sínum á heimsmeistaramóti. ooj@frettabladid.is

## Flestir leikir Íslendings á HM í handbolta

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson* | 55 leikir |
| Ólafur Stefánsson | 54 leikir |
| Guðmundur Hrafnkelsson | 43 leikir |
| Róbert Gunnarsson | 36 leikir |
| Vignir Svavarsson | 36 leikir |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson* | 35 leikir |
| Patrekur Jóhannesson | 34 leikir |
| Dagur Sigurðsson | 33 leikir |
| Geir Sveinsson | 32 leikir |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 32 leikir |
| Arnór Atlason* | 32 leikir |
| Sverre Jakobsson | 31 leikur |
| Alexander Petersson | 30 leikir |

* Núverandi leikmenn íslenska handboltalandsliðsins og geta því bætt við leikjum á HM í Frakklandi.

## Síðustu fimm handhafar leikjamets Íslands á HM

